



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. júní 2008 – 160. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR



GULL OG GLAMÜR
Pallíttur og glæsileiki næsta hausts á breskum tiskupöllum.

STÍLL 38

Ekkert getur komið í veg fyrir uppsagnir

Kreppan bitnar harðast á fyrirtækjum í íbúðabyggingum. Staðan á enn eftir að versna. Heil atvinnustétt sögð „tekin af lífi“ á fáum dögum. Kaupsamningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um 74 prósent milli maí í ár og maí í fyrra.

EFNAHAGSMÁL Framkvæmdir hafa að miklu leyti stöðvast, lítið hefur selst af íbúðum og farið er að bera á uppsögnum í byggingariðnaðinum. Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, telur að ekkert geti komið í veg fyrir miklar uppsagnir þegar líður á haustið. „Því miður er það sá veruleiki sem blasir við okkur. Hann er ekki kominn fram í dagsljósið en hann er undirliggjandi,“ segir hann.

Byggingafélag Gylfa og Gunnars, BYGG, hefur fundið rækilega fyrir samdrættinum. Gunnar Þorláksson framkvæmdastjóri segir að fólki hafi verið fækkað og engir ráðnir í staðinn. Þá á hann von á því

að tugir útlendinga sem fari heim í sumarleyfi komi ekki aftur.

Gunnar telur að flest ef ekki öll byggingafyrirtæki í landinu hafi losað um mannskap upp á síðkastið og sum rækilega.

„Menn eru að byggja í góðri trú þegar ráðamönnum dettur allt í einu í hug hvetja menn til að hætta að kaupa íbúðir. Allt í einu er klippt á allt. Það er umhugsunarvert þegar heil atvinnustétt er tekin af lífi á nokkrum dögum,“ segir hann.

Loftur Árnason, forstjóri Ístaks, segir verkefnastöðuna hins vegar ágæta. Eftir eigi að koma til opinberra framkvæmda, til dæmis hjá Vegagerðinni. „Við erum ekki mjög

svartsýnir. Okkur vantar fólk frekar en hitt,“ segir hann.

Árman Óskar Sigurðsson, framkvæmdastjóri SS verktaka, segir að staðan verði þokkaleg út árið en hún verði samt endurskoðuð aftur í haust.

Fram kemur á vef Fasteignamats ríkisins að þinglýstum kaupsamningum á höfuðborgarsvæðinu hafi fækkað um 74 prósent milli ára, þegar maí 2008 er borinn saman við maí 2007. Veltan dróst saman um sambærilegt hlutfall.

Aðeins 252 kaupsamningar voru gerðir í nýliðnum maí, en 969 samningum var þinglýst í maí 2007.

- ghs/bj

Setur sáttmála ESB í uppnám

ÍRLAND, AP Brian Cowen, forsætisráðherra Írlands, sagði í gær að það setti ríkisstjórn sína í mjög erfiða stöðu að

Lissabon-sáttmála Evrópusambandsins skyldi hafa verið hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu um fullgildingu hans. En hann neitaði þó að lýsa sáttmálann úr sögunni.



BRIAN COWEN


Eftir að þessi úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar urðu ljós í gær tjáði Cowen fréttamönnum að hann vonaðist til að þrátt fyrir allt yrði unnt að finna leið til að koma mikilvægustu markmiðum sáttmálans í framkvæmd.

Leiðtogar allra ESB-ríkjana 27 munu ræða hvernig bregðast skuli við á leiðtogafundi í Brussel í næstu viku.

- aa/sjá síðu 6



VEÐRIÐ Í DAG



BLÍÐVÐIRI í dag verður hæg vestlæg átt. Skýjað með köflum vestan til annars yfirleitt léttskýjað. Hætt við þokulofti við Norður- og Austurströndina. Hiti 10-20 stig, hlýjast til landsins.

VEÐUR 4



BRYNHILDUR LEIKSKÁLD OG LEIKKONA ÁRSINS Vigdís Finnbogadóttir og Guðjón Pedersen afhentu Brynhildi Guðjónsdóttur Grímuverðlaunin sem leikskáld ársins. Brynhildur hlaut tvenn verðlaun á Grímunni í gærkvöldi fyrir leikritið Brák. Hún var valin leikskáld ársins og besta leikkonan í aðalhlutverki. Sjá síðu 50

FRÉTTABLAÐIÐ / DANIEL

Fjármálaeftirlitið íhugar rannsókn á milljarða afskriftum Eimskipafélagsins:

Stjórnin þagði í þrjá mánuði

VIÐSKIPTI „Þetta er nýkomið upp og verður skoðað ef ástæða þykir til,“ segir Íris Björk Hreinsdóttir, upplýsingafulltrúi Fjármálaeftirlitsins.

Eimskipafélagið tilkynnti í vikunni að dótturfélagið Innovate yrði afskrifað í heilu lagi. Níu milljarðar króna færur út úr bókuum félagsins. Þá gerði félagið ráð fyrir um þrjátíu og sex milljarða tekjum af

félaginu í ár, sem ljóst er að skila sér ekki úr þessu.

Málið kom inn á borð stjórnar Eimskipafélagsins í febrúar, en hún upplýsti ekki um það fyrir en í fyrradag.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst telja menn eðlilegt að greint hefði verið frá þessu til kauphallarinnar mun fyrir en í þessari viku.

Nú er málið hins vegar komið á

borð Fjármálaeftirlitsins. Meðal þess sem líklega yrði kannað, eftir því sem næst verður komist, er hvort viðskipti hafi verið með hlutabréf í Eimskip á grundvelli vitneskju um yfirvofandi afskriftir Innovate.

Gengi hlutabréfa í Eimskipafélaginu hefur hrunið eftir að Innovate-málið kom upp á yfirborðið.

- ikh / sjá síðu 12

muundu eftir mjólkinni!

NÆSTUM NÝIR NOTAÐIR BÍLAR
www.bilathing.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
Klettháls 11 | Laugavegur 174

germanwings.com

Nýtt: Flug til Þýskalands!

Frá 19€ Ásamt*

*Ásamt skatti, báðar leiðir og fyrir áfanga, takmarkaður fjöldi.
Pantaðu núna: germanwings.com



Bergur, ertu mjög köttaður?

„Já ég er helköttaður, með gott „herkött“ og kattliðugur.“

Bergur Ebbi Benediktsson, lögfræðingur og söngvari Sprengjuhallarinnar, hyggst gefa Kattholti 50 þúsund krónur sem hann fékk til úthlutunar sem gestarítstjóri Grapevine.

Uppgjafarhermenn Mugabes: Hóta andstæðingum stríði

SIMBABVE, AP Uppgjafarhermenn, sem börðust í sjálfstæðisstríði Simbabve gegn Bretum, munu berjast á nýjan leik beri stjórnanandstaðan sigur úr býtum í forsetakosningunum þann 27. júní. Þetta sagði forseti landsins, Robert Mugabe, á föstudag. Mugabe sagðist jafnvel vera tilbúinn til að ganga til liðs við hermennina.

Í síðustu viku var sjálfstæðum hjálparstofnunum í Simbabve skipað að hætta störfum. Í vikunni var svo matarsendingu frá Bandaríkjunum stolið og hún gefin stuðningsmönnum Mugabes.

Matsferli vegna Bakka hafið:

Álver stærra en 250 þúsund tonn mögulegt

IBNAÐUR Vinna við umhverfismat vegna fyrirhugaðs álvers Alcoa á Bakka við Húsavík er hafið. Í drögum að tillögu að matsáætlun kemur fram að álverið verði 250 þúsund tonn.

Þar segir að fáist orka til stækkunar geti framleiðslugetan aukist. Fari svo verði kannað hvort nýtt umhverfismat þurfi.

Byggingartími mun ákvarðast af áætlunum um orkuframleiðslu. Áformað er að hefja framleiðslu á áli á árabílinu 2012 til 2014, háð orkuframboði. Áætlað er að álverið nái fullum afköstum 2015.

Hægt er að skila athugasemdum við drögin til 5. júlí.

- bj

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tvennt slasaðist í árekstri

Árekstur varð á Sæbraut við Laugarnes í gærkvöldi þegar bíll klessti á staur á milli aksreina. Tvennt slasaðist og var flutt á slysaeyðild. Ekki er vitað um liðan þeirra.

Lögreglan viðurkennir óheppilegan drátt á rannsókn á pókermóti fyrir ári:

Mannekla tefur rannsóknina

LÖGREGLUMÁL Rannsókn lögreglu á pókermóti sem fram fór 16. júní í fyrra er enn ekki lokið. Dráttur á rannsókninni er óheppilegur, en kemur til vegna manneklu, segir Karl Ingi Vilbergsson, lögfræðingur hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

„Ef þetta lægi ljóst fyrir væru þeir löngu búnir að ákæra mig,“ segir Sindri Lúðvíksson, sem stóð fyrir mótinu. Þar greiddu um 150 spilarar 4.000 króna þátttökugjald, samtals um 600 þúsund krónur. Gjaldidið átti að renna óskipt í vinninga. Á milli 20 og 30 sátu að spilum þegar lögregla stöðvaði mótið.

Aðgerð lögreglu hefur ekki



PÓKER Þátttakendur á pókermóti voru um 150 talsins. Mót með svipuðu fyrirkomulagi hafa farið fram annars staðar á landinu án afskipta lögreglu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

stöðvað aðra í því að halda póker-mót. Þau eru þó smærri í sniðum og gjarnan haldin fyrir afmarkaða hópa fólks.

Sindri var yfirheyrður í kjölfar

aðgerða lögreglu og hald lagt á verðlaunafé og spilabúnað að andvirði um 400 þúsund króna. Fyrir sex mánuðum var sagt frá því í Fréttablaðinu að lögregla hyggðist yfirheyrja Sindra öðru sinni. Karl Ingi staðfestir að það standi til, en hafi ekki enn verið gert.

Sindri segir málið fordæmisgefandi, en ekki hefur verið haldið opinbert pókermót á höfuðborgarsvæðinu síðan lögreglan skarst í leikinn fyrir ári síðan. Hann hyggst ekki standa fyrir öðru móti á meðan á rannsókn lögreglu stendur. Þrátt fyrir það sé hann handviss um að engin lög hafi verið brotin með móti.

- bj

Tekjuafkoma hins opinbera: Verri afkoma á fyrsta fjórðungi

EFNAHAGSMÁL Tekjuafgangur ríkis og sveitarfélaga nam 16,2 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi ársins. Það er um fjórðungs samdráttur frá fyrsta ársfjórðungi í fyrra þegar tekjuafgangurinn nam 21,5 milljörðum. Þetta kemur fram í Hagtdiðindum Hagstofunnar.

Tekjuafgangurinn á fyrsta fjórðungi ársins mældist 1,2 prósent af landsframleiðslu, eða 10,2 prósent af tekjum hins opinbera.

Tekjur ríkis og sveitarfélaga hafa vaxið um 3,2 prósent að meðaltali milli hvers ársfjórðungs frá árinu 2004.

- bj

Byggir 20 metra brú fyrir fjölskyldu sína

Guðjón Júlíus Halldórsson á Fitjum reisir lengstu brú landsins í einkaeigu yfir Leirvogsa eftir margra ára baráttu. Brúin, sem verður með snjóbræðslukerfi, mun greiða hestafjölskyldunni á Fitjum leið inn í Mosfellsbæ.

FÓLK „Já, sennilega er þetta lengsta brú landsins í einkaeigu,“ segir Guðjón Júlíus Halldórsson á Fitjum, sem er að byggja tuttugu metra langa brú yfir Leirvogsa.

Fitjar eru norðan Leirvogsa á móts við flugvöllinn í Mosfellsbæ. Þaðan er drjúgur spölur upp á Vesturlandsveg, sem nú þarf að fara til að komast inn í Mosfellsbæ. Guðjón segir hvorki hægt fyrir börn hans að hjóla né ganga þá löngu leið vegna hættu af umferðinni. Þá sé fjölskyldan með hesta og vilji komast á reiðleiðir handan árinna.

„Brúin er hugsuð fyrir gangandi, ríðandi og hjólandi fólk neðan við húsið hjá okkur. Þegar ána leggur er ekki einu sinni hægt að komast ríðandi yfir hana þannig að það varð úr að fá að byggja þessa brú,“ útskýrir Guðjón.

Fitjar tilheyrja Reykjavík frá því Kjalarneshreppur sameinaðist höfuðborginni. Mun styttra er þó fyrir börn á þessum slóðum að sækja skóla í Mosfellsbæ en alla leið upp á Kjalarnes og á nýja brúin einmitt að greiða fyrir því eins og öðrum erindum fjölskyldunnar inn í bænum.

Búið er að steypa stöpla brúarinnar en eftir er að hlaða að henni grjót og leggja að henni reiðveg. Guðjón segir að gert verði hlé á verkinu þar til laxveiðitímabilinu ljúki í haust til að trufla ekki fiskingend. „Við vonumst til að taka brúna í notkun áður en frystir. Það sem er annað sérstakt við þessa brú er að hún er að ég held sú eina á landinu sem verður með snjóbræðslukerfi. Það verður



GUÐJÓN JÚLÍUS HALLDÓRSSON Eigandi Fitja við uppstepta einkabru sína yfir Leirvogsa. Lokið verður við frágang brúarinnar eftir laxveiðitímabil sumarsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Það sem er annað sérstakt við þessa brú er að hún er að ég held sú eina á landinu sem verður með snjóbræðslukerfi. Það verður skemmtilegt að sjá hvernig þetta allt kemur út.

GUÐJÓN JÚLÍUS HALLDÓRSSON BRÚAREIGANDI Á FITJUM

skemmtilegt að sjá hvernig þetta allt kemur út.“

gar@frettabladid.is

Guðjón segir það hafa kostað mikla vinnu að fá brúarsmíðna leyfða. „Þetta er auðvitað að mörgu leyti stórmerkilegt verkefni. Þetta er brú sem einkaaðilar standa fyrir og er á milli tveggja sveitarfélaga. Það þótti framandi og tók hartnær þrjú ár að fá hana samþykkt. Á endanum úthlutaðu þeir landi undir þetta og málið er í höfn. Nú er brúin loks komin á stöplana og verður vonandi mörgum til gagns og góðs.“



BERGSTAÐASTRÆTI 20 MÁLAÐ Tvö hús fá nýtt útlit nú um helgina

Reykjavíkurborg lætur mála:

Hresst upp á miðbæjarhús

SKIPULAGSMÁL Hafist hefur verið handa við að mála tvö illa farin hús í miðborginni. Annað þeirra er Bergstaðastræti 20. Að sögn Magnúsar Sædals Svavarssonar, byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar, leit ekki út fyrir að úrbætur yrðu gerðar á húsinu og því greip Reykjavíkurborg til þess að mála húsið.

Húsið við Frakkastíg 16 var svo málað í gær, en þar var tónlistarverslunin Rín til húsa.

„Húseigendur tóku vel í það að gefa húsinu hressingu,“ sagði Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar.

-vsj

Evrópuferð George Bush:

Vill meira herlið í Afganistan

PARÍS, AP George Bush forseti Bandaríkjanna sagði í gær að Evrópa og Bandaríkin þyrftu að halda áfram þrýstingi í Afganistan og láta hryðjuverkamenn aldrei ná þar aftur völdum.

Hann fagnaði ákvörðun Nicolas Sarkozy að senda fleiri hermenn til Afganistan og tók fram að önnur Evrópulönd þyrftu að láta meiri peninga og herlið í baráttuna gegn hryðjuverkum.

Forsetinn hefur verið í opinberum heimsóknum í ýmsum löndum Evrópu og heimsótti þá þann í gærmorgun.

-vsj

Rannsókn á meðferð forráðamanna Byrgisins á fjármun um þess:

Rannsókn efnahagsbrotadeildar á fjármálum Byrgisins á lokastigi

LÖGREGLUMÁL Skýrslutökum efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra í Byrgismálinu er um það bil að ljúka, að sögn Helga Magnúsar Gunnarssonar saksóknara. Rannsókn er þar með að mestu lokið. Síðan verða gögn málsins yfirfarin með tilliti til ákæru.

Rannsókn efnahagsbrotadeildar RLS beinist að meðferð fyrrverandi forráðamanna, einkum Guðmundar Jónssonar fyrrverandi forstöðumanns meðferðarheimilisins Byrgisins, á fjármunum þess. Guðmundur var nýverið dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir að misnota fjóra skjólstæðinga Byrgisins.

Skattamál Byrgisins eru einn þáttur í meðferð fjármuna fyrr-

meðferðarheimilisins sem rannsókn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra beinist að.

Embætti skattannsóknarstjóra hafði þann þátt til rannsóknar og kærði niðurstöður hennar til efnahagsbrotadeildarinnar. Þetta þýðir að talið er að um sé að ræða stórfelld refsiverð brot hvað varðar skattamálin sem ekki hafi verið hægt að afgreiða í yfirskaðanefnd, heldur yrði málið að fara til rannsóknar hjá lögreglu.

-jss

GUÐMUNDUR JÓNSSON Rannsókn á fjármálaþætti Byrgisins langt komin.



WWW.OLGERDIN.IS

SAFNAÐU 10 TÖPPUM

NÁÐU Í ÞÁTTTÖKUSEÐIL Í NÆSTU VERSLUN OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MYNDAVÉL

Ógils APPELSÍN LIMONÁDI

SÓLSKIN Í HVERJUM SOPA

Pallaefni

Gagnvarin fura

189
kr/lm

Fura hefluð og fúavarin.
28 x 95, lengdir 0,9 - 4,5 metrar.
Nr. 628601

Gildir 12. - 16. júní

HELGARTILBOÐ

Í HÚSASMÍÐJUNNI

Pallaolía

Jotun Treolje, 3 ltr.
7049123-37

Jotun Treolje, olíubundin viðarvörn á pallinn sem smýgur vel inn í viðinn, veitir góða vatnsvörn og hamlar gegn sprungu og grámamyndun

3 ltr.



Mest selda

pallaolía á Íslandi
tilboð um helgina

1.599
~~2.629~~

Útimálning

Útanhúsmálning á steinsteypta fleti, alkálíþolin með gott veðrunarþol, gljástig 5

10 ltr
7207040

5.490
~~8.995~~

3 ltr
7207020-6

2.795
~~3.995~~

30%

AFSLÁTTUR

AF HÚSASMÍÐJU

ÚTIMÁLNINGU Í

ALLT SUMAR



ALVÖRU
GRÆJA!



18.999

Orf, Texas

Tvígengismótur,
30CC, 40 sm
sláttubreidd, 4 tanna
blað fylgir.
5085598

Háprýstidæla, Nilfisk Alto

100 bór, 5 m slanga.
Fyrir heimilið til að hreinsa pallinn,
hellulögnina og bílinn.
5254254



7.995

GILDIR UM
HELGINA



Hleðsluborvél, Hitachi
14.4V - 13MM PATRÓNA - 3 RAFHLÖÐUR
524725

16.995

KAUPAUKI
Bíasett Cosmos

100 stk.
5010807



x



Frábær saman

GARÐPLÖNTUÚRVALIÐ og allt fyrir garðinn!

SUMAR
TILBOÐ

SUMAR
TILBOÐ

Hengilobelia
495kr

SUMAR
TILBOÐ

Daliur
495kr

SUMAR
TILBOÐ

Tóbakshorn
495kr

SUMAR
TILBOÐ

Margarítur
820kr

17. júní
tilboð

Blómakarfa
1.990kr

17. júní
tilboð

Blómaker
1.995kr



Gerberur
295kr

ATHUGIÐ: tilboðin gilda frá laugardegi til þriðjudags á meðan birgðir endast

weber

... og 17. júní steikin klikkar ekki!



heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

ATHUGIÐ!

Opið á Þjóðhátíðar-
daginn milli
kl. 10.00 – 19.00



TAX FREE

DAGAR

Dagana 12.-15. júní
afnemum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa fjóra daga.

*Fatnaður á alla
fjölskylduna*

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 15. júní 2008.

OPÍÐ
til **20**
alla daga

HAGKAUP
Ein færð betra verð

VEISTU SVARID?



1 Heima hjá hverjum var lögheimili Luciu Celeste Molina Sierra þegar hún sótti um íslenskan ríkisborgararétt?

2 Hve gamalt er varðskipið Ægir?

3 Hvað heitir plata Sigurðar Guðmundssonar og Memfismafíunnar?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 50

Konur eru nú formenn fjögurra af fimm jafnaðarmannaflokkum á Norðurlöndum:

Urpilainen kjörin í Finnlandi

FINNLAND Jutta Urpilainen, 32 ára þingmaður, var kjörin formaður finnska jafnaðarmannaflokksins með miklum meirihluta á flokksþingi fyrir helgina. Jutta hafði sigur yfir Erkki Tuomioja, fyrrverandi utanríkisráðherra. Urpilainen tekur við af Eero Heinäluoma en hann lýsti yfir að hann myndi hætta formennsku eftir að flokkurinn beið afhroð í þingkosningum í fyrra.

Urpilainen lýsti sigrinum sem sögulegum í finnska dagblaðinu Helsingin Sanomat. Hún sagði að nú yrði flokkurinn opnari og að ný kynslóð stjórnámalanna myndi taka til hendinni. „Við



NÝR FORMAÐUR Jutta Urpilainen er tekin við forystu finnskra jafnaðarmanna.

ætluð að koma draumum fólks í framkvæmd,“ sagði hún og kvaðst vera reiðubúin til að vera forsætisráðherraefni jafnaðarmanna í kosningum árið 2011.

Konur eru nú formenn fjögurra jafnaðarmannaflokka af fimm á Norðurlöndum: Mona Sahlin í Svíþjóð, Helle Thorning-Schmidt í Danmörku, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir á Íslandi og nú er Jutta Urpilainen tekin við í Finnlandi. Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, er formaður norska Verkamannaflokksins.

Konur eru hins vegar formenn þriggja annarra stjórnámalaflokka í Noregi. Kristin Halvorsen fer fyrir Sósíalíska vinstriflokknum, Erna Solberg fyrir Hægri flokknum og Siv Jensen fyrir Framfaraflokknum. - ghs

Sænskir hjúkrunarfræðingar:

Tapa verulegum fjárhæðum

SVÍÞJÓÐ Sænskir hjúkrunarfræðingar hafa tapað verulegum fjárhæðum á verkfalli sem stóð í sex vikur, ekki síst í töpuðum mánaðarlaunum og launahækkunum sem hefðu getað tekið gildi 1. apríl, þegar fyrsta tilboð barst.

Ef hjúkrunarfræðingarnir hefðu tekið tilboðinu hefðu þær fengið launahækkunina frá 1. apríl en þar sem þær hafa nýlega samið tekur launahækkunin gildi frá 1. júní. Þetta bætist við þau mánaðarlaun sem þær hafa tapað í verkfallinu.

Þá hefur verulega gengið á verkfallssjóð hjúkrunarfræðinganna, að sögn Aftonbladet. - ghs



VIÐ REIÐHÖLLINA Pau Björn og Magnea hafa reist reiðhöll í Skagafirði.

MYND/FEYKIR

Ný reiðhöll risin:

Hægt að temja innan dyra

SKAGAFJÖRÐUR Pau Björn Sveinsson og Magnea Guðmundsdóttir hafa reist reiðhöll að Varmalæk II í Skagafirði. Þar er einnig hesthús og gestamóttaka.

Byggingin er rúmí 1000 fermetrar og segir Björn að um hundrað manns komist í áhorfendastæðin.

„Tilgangurinn er fyrst og fremst að skapa aðstöðu til tamninga en kröfurnar eru orðnar þannig nú til dags að maður verður að geta stundað þær hvernig sem viðr,“ segir Björn. „En við höfum nú þegar haft nokkrar hestasýningar hér fyrir ferðamenn.“

Höllin var vígð síðasta föstudag með viðhöfn. „Við urðum að láta kanna hljómburðinn hérna. Karlaórin Heimir og Álftagerðisbræður sáu um það og svo var hér lúðrasveit og allt hljómaði vel,“ segir Björn. - jse

Segja vegið að heiðri sínum

Hönnuðum Lundarsvæðisins finnst Gunnar Birgisson og bæjarráð Kópavogs hafa vegið að heiðri sínum með ummælum í máli íbúa Lundar 1. Lögmaður húsfélagsins íhugar að leggja fram lögbannskrofu verði framkvæmdir við færslu Nýbýlavegs og lagningu hringtorgs ekki stöðvaðar.

KÓPAVOGUR „Þess misskilnings virðist gæta hjá Gunnari Birgissyni að hönnuðir Lundarsvæðisins hafi flutt húsinn nær umferðarmannvirkjum en áætlað var samkvæmt skipulagi. Okkur finnst að heiðri okkar vegið,“ segir Guðmundur Gunnlaugsson, arkitekt og einn af aðalhönnuðum svæðisins, um málið.

Íbúar í fjölbýlishúsinu Lundi 1 segja að Kópavogsbær hafi brotið gildandi deiliskipulag og að þeir eigi heimtingu á að því verði framfylgt.

Nýlega var Nýbýlavegur í Kópavogi færður í norðurátt auk þess sem hringtorgi var komið fyrir á hann til þess að tengjast Lundarbraut. Lundur 1 stendur vestanmegin við Lundarbraut með Nýbýlaveg í suðurátt.

Í tillögum sem bæjarráð Kópavogs lagði fram í fyrradag er stungið upp á að Vegagerð ríkisins skuli færa hringtorgið í suðurátt, auk þess sem skuldinni er skellt á hönnuði fjölbýlishússins. Í fréttatilkynningu frá bæjarráðinu segir að framkvæmdin sé „innan marka gildandi skipulags, í samræmi við hönnunar og útbodsgögn og ekki nær lóðamörkum fjölbýlishússins við Lundarbraut 1 en heimilt er“.

„Kópavogsbær hefur ekki farið að gildandi deiliskipulagi frá 2004 og bæði hringtorgið og Nýbýlavegur eftir færslu eru á skjön við það.“

SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON LÖGFRÆÐINGUR HÚSFÉLAGSINS LUNDI 1

Sigurður G. Guðjónsson, lögfræðingur húsfélagsins að Lundi 1, er á öðru máli og segir að „Kópavogsbær hafi ekki farið að gildandi deiliskipulagi frá 2004 og að bæði hringtorgið og Nýbýlavegur eftir færslu séu á skjön við það“. Sigurður segir einnig að Nýbýlavegur sé 6,3 metrum nær Lundi 1 en deiliskipulag geri ráð fyrir og að hringtorgið sé 5,4 metrum nær en leyfilegt sé.

Undir þetta tekur Guðmundur Gunnlaugsson. Hann segir að Gunnar Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, misskilji framkvæmdaferlið og bendir á að Gunnar hafi sjálfur gert athugasemdir við færslu Nýbýlavegar áður en framkvæmdir fóru af stað.

Í fréttatíma Sjónvarpsins skellti Gunnar Birgisson hins vegar skuldinni á framkvæmdaáðila á svæðinu, þar á meðal Byggingar-



SKULD SKELLT Á FRAMKVÆMDARAÐILA Húsfélagið í Lundi 1 íhugar að krefjast lögbanns verði framkvæmdir ekki stöðvaðar strax.

félag Gylfa og Gunnars (BYGG), sem Guðmundur vann Lundarsvæðið í samstarfi við. Gunnar lagði ekki til að Nýbýlavegur yrði færður í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Sigurður G. Guðjónsson sagði að lokum að ef Kópavogsbær stöðvaði ekki framkvæmdir myndi húsfélagið íhuga alvarlega að krefjast lögbanns.

helgath@frettabladid.is

20%

ÞJÓÐHÁTÍÐAR- AFSLÁTTUR

til 17. júní

POLARN O. PYRET

Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is



ÓSHLÍÐ Ökuferð meðfram Óshlíð hefur mörgum reynst hættuför. Sjávarútvegsráðherra var hætt kominn í einni slíkri ferð.

Mest fólksfjölgun frá því kaupstaðarréttindi fengust:

Vatnaskil í sögu Bolungavíkur

SAMGÖNGUR „Án þess að ég hafi skoðað það gaumgæfilega þá held ég að þessi tímabundna fólksfjölgun í Bolungarvík sé sú mesta frá því hún fékk kaupstaðarréttindi árið 1974,“ segir Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra og Bolvíkingur.

Undirbúningur er nú hafinn fyrir gerð ganga um Óshlíð en framkvæmdir hefjast í haust og munu þá um 40 til 50 starfsmenn á vegum verktakanna, Ósafis, flytja til Bolungavíkur. Verklök eru fyrirhuguð árið 2010.

„Eg tel að ákvörðunin um að gera þessi göng sé sú mikilvægasta fyrir Bolungarvík sem tekin hefur verið í seinni tíð,“ segir Einar. „Og ég held að ekkert okkar sem í Bol-

ungarvík búum geri sér í raun grein fyrir því hvaða jákvæðu afleiðingar þetta hafi í för með sér. Þetta mun einnig styrkja allt svæðið í heild; þetta er margra milljarða framkvæmd sem mun skilja heilmikið eftir sig og sé hugsað til lengri tíma þá er helsta hagsbótin í því fólgin að Ísafjarðarbær, Súðavík og Bolungarvík verða eitt atvinnusvæði.“

En mun ráðherrann sakna ökuferðanna eftir Óshlíð? „Ég á bæði slæmar og góðar minningar frá Óshlíð. Útsýnið er náttúrulega býsna fagurt en ég er satt að segja til í að fórn því fyrir öryggið, enda var ég nær dauður fyrir 18 árum þegar ég var þarna á ferð um svipad leyti og ein snjóskriðan.“ - jse

MPM

MASTER OF PROJECT MANAGEMENT



TIL



HAMINGJU



MEÐ



ÁRANGURINN!



31 nemandi brautskráður með MPM gráðu (Master of Project Management) frá verkfræðideild HÍ

Í dag, laugardaginn 14. júní, kl. 11.00
verður formleg athöfn í Hátíðarsal HÍ
til að fagna þessum tímamótum.

Verkfræðideild HÍ og MPM námið óska nemendum sínum innilega til hamingju með áfangann. Við erum afar stolt af nemendum okkar, boðberum nýrrar hugsunar og aukinnar skilvirkni sem á eftir að gagnast íslensku atvinnulífi jafnt sem erlendu. Við óskum þeim velfarnaðar í leik og starfi.

MPM nám er stjórnunarnám með sérstakri áherslu á verkefnastjórnun og leiðtogafræði. Nemendur hafa undirgengist alþjóðlega vottun (IPMA) á þekkingu sinni, reynslu og færni.

www.mpm.is



VERKFRÆÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS

SUMARIÐ 2008

VEGABRÉFSLEIKUR N1

VINNUR ÞÚ FJÖLSKYLDUFERÐ TIL FLORIDA?

NÁÐU ÞÉR Í VEGABRÉF OG TAKTU ÞÁTT Í VEGABRÉFSLEIK N1
ÞÚ GÆTIR M.A. UNNIÐ FJÖLSKYLDUFERÐ TIL FLORIDA FYRIR FJÓRA.



JONSSON & LEHMANN - JANA - SIA

Það er gott að sofa í sófanum

30%
afsláttur af svefnsófum
í júní



Framleiðandi: Milano Bedding, Ítalía
Hönnuður: Pietro Arosio

Jaco svefnsófi
með heilsudýnu

Recor Collection svefnsófar



Aðeins 15sek. í uppsetningu

Tilvalið í sumarbústaðinn.
Fullur salur af nýjum línum, litum og áklæðum.

Hollandia svefnkollar



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði
Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra
BAK

BONUS**BONUS****BONUS****45%
AFSLÁTTUR****HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR**
1539 kr./kg. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.Egils gull
500 ml 59 kr.**59****40%
AFSLÁTTUR****KF EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI**
1198 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.**50%
AFSLÁTTUR****KS frosin lambasvið**
199 kr./kg. MERKT VERÐ 398 KR./KG.**2498****KS ferskt lambafillet**
2498 kr./kg.**1198****KS frosnar lærisneiðar**
1198 kr./kg.**30%
AFSLÁTTUR****KF kofareykt úrbeinað hangilæri**
1889 kr./kg. MERKT VERÐ 2699 KR./KG.**698****Nautaveisla ferskt nautahakk**
698 kr./kg.**30%
AFSLÁTTUR****KS frosinn lambabógur**
489 kr./kg. MERKT VERÐ 698 KR./KG.**40%
AFSLÁTTUR****Holta ferskir blandaðir kjúklingabitar**
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.**498****4 Bónus ferskir ungnautahborgarar**
m/brauði 498 kr. 100% UNGNAUTAKJÖT.**1279****Frosnar svínalundir Hollenskar**
1279 kr./kg. MERKT VERÐ 1598 KR./KG.Með fyrirvara um prentvillur
eða uppseldar vörur.**BONUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

BONUS**BONUS****BONUS**

GOTT BÓNUS GRILLKJÖT INNAN VIÐ 1000 KR./KG.

**NÝTT
Í BÓNUS****998**Bónus grill grísakótilettur
aðeins 998 kr./kg.**NÝTT
Í BÓNUS****998**Bónus grill grísahnakkasneiðar
aðeins 998 kr./kg.**NÝTT
Í BÓNUS****998**Bónus grill grísabógsneiðar
aðeins 998 kr./kg.**198**Bónus gleðipinnar
15 stk 198 kr.**295**Emmess toppar 4 stk í pakka
Hnetu og Daim 295 kr kassinnPEPSI MAX
2 ltr. fl. 119 kr.

Amerískar McCain Crescendo Pizzur

398**NÝTT
Í BÓNUS**McCain Pizza 4 Cheese;
með fjórum tegundum af osti:
Mozzarella, Cheddar, Monterey Jack,
Parmesan. Stærð: 770g.McCain Pizza Deluxe:
með ítalskri pylsu, pepperoni, paprikku, lauk,
ólívum og osti. Stærð 990g.McCain Pizza Pepperoni:
með pepperoni pylsu og osti.
Stærð 830g.**119**Með fyrirvara um prentvillur
eða uppseldar vörur.**BONUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI



Kaffibarsflugur

Ljósmyndabókin Barflies eftir Einar Snorra og Eið Snorra kemur út í New York um helgina. Fréttablaðið rifjar upp stemninguna á Kaffibarnum árið 1994 ásamt fastagestum hans.

Hver er besti ísinn í bænum?

Fréttablaðið fékk þjóðþekktu Íslendinga til að bragða ís og fella dóm.

Menning

Menning fylgir Fréttablaðinu á sunnudag.

- Carnegie Art Award haldin í tíunda sinn
- Norræn myndlist í brennidepli
- Benni Hemm Hemm gefur út nýja plötu, heimildarmyndin Kjötborg, ferill Pauls Simon, Teitur Atlason skrifar um guðfræði og dómur um nýjustu afurð Sigur Rósar.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga



MAÐUR VIKUNNAR

Rólegur athafnanörð

Eins og þekkt er orðið hefur Gísli Örn Garðarsson nýlega skrifað undir samning um hlutverk í myndinni Prince of Persia: The Sands of Time sem Jerry

Bruckheim-er framleiðir. Gísli mun fara með hlutverk illmennisins Hassans en þeir sem þekkja til Gísla segja hann þó vinalegan, hjartahlýjan, skemmtilegan og fyndinn. Gísli Örn er maður vikunnar.

Gísli bjó lengi í Noregi og prófaði ýmislegt áður en hann fann sína réttu hillu. Hann stoppaði stutt við í norskum fimleikaháskóla, reyndi fyrir sér í félagsfræði við Háskóla Íslands og fór svo aftur til Noregs til að læra Evrópufræði. Þar byrjaði hann í leiklistinni, þegar hann lék með stúdentaleikfélagi lögfræðinema í Ósló, þó svo að hann hefði aldrei lagt stund á lögfræði. Hann setti síðar upp sínar eigin sýningar, meðal annars Rocky Horror í Noregi og bítlasýningu á Íslandi.

Gísli hafði engan sérstakan áhuga á leiklist í æsku og engan hefði órað fyrir því að hann ætti eftir að gera garðinn frægan á því sviði. Raunar hafði hann sjálfur ekki grun um það fyrr en hann fór að velja því fyrir sér á hvaða sviði hann gæti nýtt fimleikahæfileika sína. Árið 1995 kynntist Gísli eiginkonu sinni, Nínu Dögg Filippusdóttur.

Þau bjuggu saman í kommunu í Noregi; tóku John Lennon og Yoko Ono sér til fyrirmyndar og vildu vinna sem götulistamenn. Helsti draumurinn var að ferðast um heiminn en hann náði ekki lengra en á aðalgöngugötu Noregs þar sem þau spiluðu eitt sinn ásamt fleirum á djembítrommur og didgeridoo og söfnuðu peningum í hatt.

Árið 1997 sótti Gísli, hikandi þó, um í Leiklistarskóla Íslands ásamt Nínu Dögg og komust þau bæði inn. Nína hefur því ávallt verið hans nánasti samstarfsmaður hans og félagi. Hún var meðal þeirra sem stofnuðu með honum leikhópinn Vesturport. Hópurinn hefur notið mikillar velgengni frá upphafi og sett upp sýningar víða um heim, meðal annars í Bretlandi, Mexíkó, Suður-Kóreu og Rússlandi. Hópurinn hefur yfirleitt hlotið einróma lof gagnrýnenda og jákvæða umfjöllun í virtum dagblöðum og tímaritum á alþjóðavísu. Auk þess hefur hópurinn gert kvikmyndirnar Börn og Foreldra.

Í Gísla mætast ákveðnar andstæður. Hann er sagður óvenju kraftmikill og atorkusamur en engu að síður einstaklega rólegur. Frægt dæmi um rólyndi hans er þegar Vesturport setti upp

Kommúnuna í Mexíkó. Þá var leikmyndin ekki komin á frumsýningardag og erfiðlega gekk að ná henni úr tollinum. Allir aðrir í hópnum voru að fara á límingunum en Gísli var pollrólegur og hafði engar áhyggjur. Þessi rósemi þykir bæði kostur og galli. Fólki finnst yfirvegum hans ýmist þægileg og róandi eða einn af fáum eiginleikum Gísla sem fer í taugarnar á því. „Þetta fer allt eftir aðstæðum,“ segir félagi hans. „Þegar maður er að farast úr stressi eða að flýta sér er erfitt að vera með svona hægum manni. Stundum spyr maður sig hvort það renni ekki í honum blóðið. Ég þekki engan sem gengur svona hægt, þrátt fyrir ótrúlega langar lappir.“ Sá bætir þó við að þetta sé eini galli Gísla.

Það er þó ljóst þegar afrekaskrá Gísla er skoðuð að blóðið í honum rennur þröðulega. Hann hefur alltaf nóg fyrir stafni og starfar jöfnum höndum sem leikari, leikstjóri, handritshöfundur og framleiðandi bæði í kvikmyndum, leikhúsi og sjónvarpi. Auk þess stofnaði hann Hverfisbarinn og auglýsingapóstkortafyrirtæki sem tröllreið þjóðinni í upphafi aldarinnar. Raunar segir einn vinur hans að hann sé blanda af athafnamanni og nörd. „Hann er rosalega mikill töffari út á við, en inn við beinið er hann algjör nörd – í góðri merkingu þess orðs.“

Annað dæmi um mikla orku hans er að hann stundaði fimleika lengi framan af ævinni og náði þeim merka árangri að vera liðsmaður í þremur landsliðum í greininni, því íslenska, danska og norska.

Hann er sem sagt framtakssamur mjög og telja margir vina hans það hans helsta kost. „Hann hefur engar innri hömlur og gerir það sem honum dettur í hug. Hann fylgir hugmyndunum

eftir frá A til Ö og lætur hlutina gerast,“ segir einn samstarfsmaður hans. Hugmyndirnar eru margar eins og sést. Gísli þykir á köflum sveimhugi með troðfullt höfuð – þannig að líklega er ekki skrítið að hann sé oft utan við sig og taki ekki endilega eftir því sem fólk í kringum hann er að segja. Hann er líka óstundvís en það skal ósagt látið hvort það sé vegna þess að hann gleymi sér í hafsjó hugmyndanna eða hve hægt hann gengur.

GÍSLI ÖRN GARÐARSSON



ÆVIÁGRIP

Gísli Örn Garðarsson fæddist í Reykjavík 15. desember 1973. Foreldrar Gísla eru þau Garðar Gíslason kennari og Kolbrún Högnadóttir sjúkraliði en þau er skilin. Gísli er giftur Nínu Dögg Filippusdóttur leikkonu sem var með honum í bekk í leiklistarskólanum og starfar með honum í leikhópnum Vesturporti. Dóttir þeirra heitir Rakel María. Gísli Örn lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð árið 1992 og stundaði svo nám hér og þar meðal annars í norskum fimleikaháskóla og bæði við Háskóla Íslands og Háskólann í Ósló. Hann útskrifaðist svo vorið 2001 frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands.

Gísli er einn af stofnendum leikhópsins Vesturports og hefur leikið og leikstýrt mörgum velheppnuðum verkefnum með hópnum auk þess sem hann hefur séð um framleiðslu.

Gísli hefur meðal annars leikið í leikritunum Hamskiptunum, Rómeó og Júlíu, sjónvarpsþáttunum Mannaveiðum og kvikmyndinni Börnunum, sem hann tók líka þátt í að skrifa handritið að. Nýverið tryggði hans sér hlutverk í Hollywoodmyndinni Prince of Percia: The Sands of Time. Helstu leikstjórnarverkefni Gísla eru Woyzeck og Rómeó og Júlía.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR:

Vakti athygli í norskum smábæ þegar hann var ellefu ára gamall þegar hann dansaði breikdans á götum bæjarins við mikinn fögnuð bæjarbúa.

HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hann er skemmtileg blanda af athafnamanni og nörd. Hann virkar rosalega mikill töffari út á við, en inn við beinið er hann algjör nörd - í góðri merkingu þess orðs.“

Ragnar Bragason, leikstjóri og samstarfsmaður.

HVAÐ SEGIR HANN

„Ég [er] voðalega flinkur í að nota dauðan tíma, sem til fellur hjá sjálfum mér, í annað. Það er ákveðin gjöf eða kannski ókostur.“

Gísli í Morgunblaðinu 13. október 2001

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



Sýpris
799

Stjúpur
í sérflokk
10 stk
479



VERÐSPRENGJA



Birki
Bæjarstaðar
60-80 sm
599



Sumarprenta
Nellika 3 stk
Dahlía 3 stk
Sólboði 3 stk
999



Bakkaplöntur
Verð
2990

**Bakkaplöntur í
miklu úrvali**

Birki
Sitkaölur
Stafafura
Hreggstaðaviðir
Alaskaviðir



Kíkið á blomaval.is og fáið upplýsingar um áburð, fræ og sáningu, klippingar, grasslátt, matjurtaræktun og margt fleira...


blómaval

Heillandi heimur

Þegar ljós slokknar

Í dagbók **Práins Bertelssonar** er fjallað um epli eða fótbolta á greinum skilningstrésins, listrænt atvinnutæki, og blóraböggul Flokksins sem vann sér það til óhelgi að koma íhaldinu til valda í Reykjavík. Tvisvar!! Einnig er sagt frá því þegar ljós slokknar.



KÆRA DAGBÓK Práinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 6. JÚNÍ.

Tölva og listmunur

Dá er mér ekkert að vanbúnaði lengur að skrifa meistaraverk á færribandi, að minnsta kosti hef ég ritfærin til þess. Fólkið hjá Apple-tölvu-umboðinu stóð við sitt og gott betur og bjargaði öllu sem ég þurfti úr hræinu af gamla pésanum mínum og flutti gögnin yfir á Macbook Air-fartölvu sem er svo glæsileg að ég er reyndar soldið feiminn við hana ennþá, nýendurreistur í Makkasöfnuðinum.

Þetta er ekki bara fallegur listmunur heldur tölva og atvinnutæki.

LAUGARDAGUR, 7. JÚNÍ.

Fótbolti á skilnings-trénu

Ef það hefði verið fótbolti en ekki epli sem Eva kom auga á í laufþykkni skilningstrésins er ég hræddur um að Adam hefði verið snöggur upp í tréð að sækja tuðruna; síðan hefði hann hóað í tuttugu englaskjátur og þau Eva hefðu skipt liði á tvö mörk í knattspyrnuleik sem stæði sennilega ennþá yfir í Paradís.

En það var bara epli á vísdomstrénu en ekki fótbolti og því fór sem fór.

Til að gera mannkyninu lífið bærilegra eftir hina harðýðgislegu útskýfun úr Paradís var svo knattspyrnan fundin upp og síðan heimsmeistarakeppni í greininni og nú síðast sú Evrópu-meistarakeppni sem hófst í dag.

Það eru örlög mín sem Adamssonar að geta ekki neitað mér um að horfa á knattspyrnu þegar bestu leikmenn heims leiða saman hesta sína. Konur

eru hins vegar meiri fyrir ávexti og aðra hollustu en fótbolta af sögulegum ástæðum.

Evrópumeistarakeppni landsliða í knattspyrnu hófst í dag með leik Svisslendinga og Tékká. Þeir síðarnefndu unnu með harmkvælu og sennilega hefur dómari ekki áttað sig á hvort liðið var heimalið í Bern í Sviss þar sem leikurinn fór fram, því að hann gleymdi að dæma tvær vítaspyrnur á Tékkána.

Svo tók ennþá betra við. Portúgalar undir stjórn Brasil-

íumannsins Sclaris unnu Tyrki í skemmtilegum leik.

Af öðrum íþróttaréttum ber að nefna að Flokkurinn er búinn að beygja Vilhjálm P. Vilhjálmsson til hlýðni.

Villi lýsti því yfir í dag að Hanna Birna sem var númer tvö á framboðslistanum tæki við oddvitahlutverki Flokksins í borgarstjórn en hann sjálfur ætlaði að sitja áfram sem óbreyttur fulltrúi. Það er skiljanlegt að Vilhjálmur afsali sér nú að kröfu Flokkseigendafélagsins því umboði sem óbreyttir Flokksmenn fólu honum í fjölmennu prófkjöri. Þrýstingurinn á hann að stíga til hliðar hefur verið mikill. Mogginn hefur beinlínis ofsótt hann. Maður hefði haldið að Vilhjálmur ætti

betra skilið eftir 28 ára dygga þjónustu. Ég veit að skoðanakannanir hafa ekki styrkt stöðu hans að undanförunu, hins vegar taka stjórn-málflokkar aðeins tillit til skoðanakannana ef þeir halda að það þjóni hagsmunum flokksins.

Mér list ágætlega á að Hanna Birna taki við borgarstjórhutverkinu þegar Ár læknisins er liðið og löngu kominn tími til að Flokkurinn tefldi fram konu í fremstu röð til að bæta fyrir klúðrið sem varð þegar Bibí fékk frekjukastið og ruddist fram fyrir Ingu Jónu.

Skrýtið að Vilhjálmur skuli svo verða fórnarlamb pólitískra hreinsana Flokksins. Villi hefur sáralítið gert af sér annað en að koma íhaldinu aftur í meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Tvisvar.

SUNNUDAGUR, 8. JÚNÍ.

Gamlar glæður

Það logar lengi í gömlum glæðum. Ég get varla slitið mig frá sjónvarpinu meðan Evrópumeistarakeppni í knattspyrnu er að fara af stað. Tveir leikir í dag. Þjóðverjar líta mjög vígalega út og spila skemmtilegri fótbolta en oft áður.

Talandi um gamlar glæður þá er ég búinn að lesa bók Einars Más Jónssonar „Vorið '68“ um stúdenta-óeirðirnar frágu í París. Frábærlega skemmtileg lesning um hvernig ungu fólki tókst að stugga við stöðnuðum og hrokafullum stjórn-málamönnum. Vonandi verður meira fjör í kynslóðinni sem heldur upp á fimmtugsafmæli vorsins '68 eftir tíu ár en í þeirri sem gleymdi fertugsafmælinu núna í maí.



MÁNUDAGUR 9. JÚNÍ.

Þegar ljós slokknar

Minn kæri vinur Árni Bergmann hringdi í morgun. Lena er búin að kveðja. Hún dó á Landspítalanum í nótt.

Leiðir okkar Árna lágu saman þegar við vorum að vinna á Þjóðviljanum sem var dagblað gefið út í því skyni að draga úr ójöfnuði í þjóðfélaginu.

Eins og aðrir vissi ég að Árni hafði stundað nám í Rússlandi og eignast þar rússneska konu sem mikið orð fór af fyrir gáfur og heillandi persónutöfra.

Ég bar soldið óttablandna virðingu fyrir þessum mikla lærdómsmanni með stálminnið og laser-skilninginn. Svo kom á daginn þegar fram liðu stundir að ekki einasta var Árni öðrum mönnum fróðari heldur kunnir hann einnig þá list að fara vel með kunnáttu sína, svo að manni leið ekki eins og tossa í návist hans.

Þegar þar kom að ég hitti Lenu Tuvínu Bergmann fór ekki milli mála að þar varð vinátta við fyrstu sýn.

Í rómantik er oft talað um ást við fyrstu sýn sem kann að vera stórmerkilegt fyrirbæri en sjaldnar er minnst á vináttu við fyrstu sýn þegar tveir einstaklingar hittast og vita báðir samstundis að þeir hafa mikla ánægju af nærveru hins.

Núna finn ég fyrir tómléika, sorg og myrkri. Það er eins og skært ljós í hjarta mínu hafi sloknað. Náttmyrkrið verður svartara. Ókonnir dagar ekki eins bjartir.

MÍÐVIKUDAGUR, 11. MAÍ.

Aldursmunur

Ungur maður gerir ráð fyrir því að



vera betur upplagður á morgun.

Miðaldra maður vonast til þess að vera betur upplagður á morgun.

Roskinn maður veit að hann verður ekki betur upplagður á morgun.

Þess vegna skrifa ég á hverjum degi.

Reyndar hef ég aldrei þolað alveg rigskorðaða daglega rútínu. Þessa dagana vakna ég stundum kl. fjögur á morgnana, skrifa til hálfátta. Legg mig smástund. Fer í sund. Held svo áfram að skrifa eins og orkan endist. Nota kvöldið til að fara yfir textann og búa mig undir næsta vinnudag.

Bogi vinur minn hjá Apple kom við hjá mér og setti upp undratæki: Time Capsule við prógramið Time Machine. Þetta apparat afritar og vistar allt sem ég geri í tölvunni minni, þráðlaust og sjálfkrafa án fyrirhafnar. Ef ég týni tölvunni minni eða einhver auli heldur að það sé góð hugmynd að stela henni þrátt fyrir að hún innihaldi staðsetningartæki sem segir nákvæmlega hvar hún er niðrkominn á hverju augnabliki – þá hefur örugglega ekki glatast nema nokkurra mínútna vinna.

FIMMTUDAGUR, 12. JÚLÍ.

Sjálfmiðaðir dagar

Þessir dagar eru soldið sjálfmiðaðir og fjalla um vandamál sem venjulegir lesendur eiga sjálfsgagt erfitt með að tengja sig við, sem sé hvernig manni tekst að klára bók, sem hefur hvílt á manni lengi, í tæka tíð til að koma henni á flot í þeim farvegi sem henni er ætlað að fara. Og þótt maður dragi sig í hlé heldur lífið áfram með áhyggjum og sorgum, gleði og eftirvæntingu.

Reyndar þurfa flestir að standa skil á einhverjum tímabundnum verkefnum. Nemendur þurfa að skila ritgerðum. Vinnandi fólk skýrslum. Ljúka þarf ákveðnum verkum á ákveðnum tíma. Og þá er í flestum tilvikum gott ráð að gera það sem maður getur til að geta helgað sig verkinu og forðast sem mest utanaðkomandi áreiti.

Versta áreitið í mínu tilviki er að ég tilheyr þeim fyrirlitna og frumstæða hópi manneskja sem hafa gaman af fótbolta, og núna er boðið upp á fjóra klukkutíma af knattspyrnu frá Evrópumeistaramótinu.

Að leyfa sér þann munað að gleyma sér yfir hinna fögru íþrótt nokkra sæta sumardaga í röð hefur þó þá refsingu í för með sér að maður verður að hlusta á þuli og gesti þeirra „lýsa leikjunum“ sem maður er, jú, að horfa á.

Flestar þessar lýsingar eru afskaplega dapurlegar, þvoglulegar í málfræði og hugsun. Það setur að mér hroll við að vita að ef ég læt undan fótboltaáhuga mínum verður mér refsað fyrir með því að heyra orðið „klárlega“ endurtekið á nokkurra setninga fresti í 90 mínútur.

Þar er „klárlega“ um misnotkun á málinu að ræða og flokkast undir pyntingar.



FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND/KIDDI

Viltu skjól á veröndina?



www.markisur.com og www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál

Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík
Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar

Þú hefur GSM banka S24 í hendi þér ...hvar og hvenær sem er

Helstu kostir:

- Styður 3G
- Tengist í gegnum internettingu
- Það skiptir ekki máli hjá hvaða símafyrirtæki þú ert í viðskiptum
- Valmyndir eru með sama birtingarformi og í Netbanka S24



Hvað er hægt að gera?

- Sjá stöðu reikninga og kreditkorta
 - Millifæra
 - Greiða reikninga
- ...og margt fleira

Þú notar sama notendanafn og lykilorð og í Netbanka S24.

Þú einfaldlega slærð inn m.s24.is eða gsm.s24.is í símann þinn og skráir þig inn.





Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Hannes Sigurðsson

Rafvirkjameistari, Álftheimum 68,

lést að heimili sínu þann 5. júní 2008. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Sigurást Sigurjónsdóttir

Sigurjón Hannesson Ragnhildur B. Erlingsdóttir
Grímur Hannesson Guðrún Norðdahl
Sigurður Hannesson Lóa María Magnúsdóttir
Ragnhildur D. Hannesdóttir Þórólfur Jóhannsson
barnabörn og barnabarnabörn



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

Elísabetar Ólafsdóttur

Kirkjuvegi 82, Vestmannaeyjum,

er andaðist 2. júní sl. á Landspítalanum í Fossvogi. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Sjúkrahúss Vestmannaeyja fyrir góða umönnun og hlýhug.

Porkell Rúnar Sigurjónsson

Sigríður Þórána Þorkelsdóttir Hujat Suleimani
Sigurjón Þorkelsson Anna Sigríður Gísladóttir
Ólafur Helgi Þorkelsson Gunnfríður Björnsdóttir
og barnabörn.



**DONALD TRUMP VIÐSKIPTA-
JÖFUR ER 62 ÁRA.**

„Hugsaðu stórt ef þú ætlar að hugsa á annað borð.“

Donald Trump er bandarískur milljónamæringur og viðskiptajöfur.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ingólfur Reimarsson

bóndi, Innri-Kleif, Breiðdal,

sem lést sunnudaginn 8. júní, verður jarðsunninn frá Heydalakirkju mánudaginn 16. júní kl. 14.

Ingunn Gunnlaugsdóttir börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ólafur Bergsson

Laugalæk 46, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 12. júní á heimili sínu.

Þóra Stefánsdóttir Haraldur Haraldsson
Þóra Andrea Ólafsdóttir Ingunn Magnúsdóttir
Stefán Ólafsson Magnús Sigurðsson
Kolbrún Ólafsdóttir Fjalar Kristjánsson
Sigrún Ólafsdóttir Gunnar Sigmundsson
Sólrun Ólafsdóttir afabörn og langafabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sigurður Bóasson

frá Borg Njarðvík, Borgarfirði eystri,

lést miðvikudaginn 11. júní á Heilbrigðisstofnun Austurlands. Útförin fer fram frá Bakkagerðiskirkju föstudaginn 20. júní kl. 14.00.

Björg Sigurðardóttir Páll Haraldsson
Jakob Sigurðsson Margrét B. Hjarðar
Jóhann Helgi Sigurðsson Lára Ríkhardsdóttir
Jón Helgason Kristjana Björnsdóttir
og barnabörn.



Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

Sigurður Þór Garðarsson

Hólbraut 14, Hafnarfirði,

verður jarðsunninn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 16. júní kl. 13.10. Blóm og kransar vinsamlega afbeðin en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hauka í horni. Reiknr. 1101-26-484 kt. 670281 0279.

Grétar M. Garðarsson Soffía G. Karlsdóttir
Kristinn G. Garðarsson María K. Sigurðardóttir
Særún Garðarsdóttir Magnús Jóhannsson.



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýbug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,

Brynhildar Jensdóttur

(Lillu)

Lækjasmára 6, Kópavogi.

Anna Gísladóttir Eiríkur Þór Einarsson
Jens Gíslason Hafðís Jónsdóttir
Brynhildur Jóna Gísladóttir Guðjón Arngrímsson
barnabörn, barnabarnabörn
Jensína Jensdóttir.



Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Esther Jónsdóttir

Hringbraut 50, áður til heimilis að Grýtubakka 4, Reykjavík,

verður jarðsunnin frá Langholtskirkju mánudaginn 16. júní kl. 13.00.

Ágúst Arason Kristín Auðunsdóttir
Haukur Ágústsson Guðrún Edda Ágústsdóttir
Hróbjartur Ágústsson Sigríður Oddsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við fráfall bróður okkar, mágs og frjenda,

Halldórs Gestssonar

frá Syðra-Seli.

Sérstakar þakkir til sveitunga hans fyrir vináttu, og virðingu sem honum var sýnd á útfarardegi.

Systkini hans og fjölskyldur þeirra.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýbug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Kristins P. Michelsen

Skólbraut 3, Seltjarnarnesi.

Sértaklegar þakkir til Einarss og alls annars starfsfólks á deild 13D Landspítala Hringbraut og deild K1 Landakotspítala. Guð blessi ykkur öll.

Margrét Þorgeirsdóttir Jóhanna Sigurjónsdóttir
Karl G. Kristinsson Magnús Sigurðsson
Kristín B.K. Michelsen Björn St. Bergmann
Sólveig H. Kristinsdóttir Gestur Helgason
Anna Karen Kristinsdóttir afa- og langafabörn.



BLÓMLEGT LISTASUMAR Ellen Fodstad verkefnastjóri og Þuríður Helga Kristjánsdóttir skrifstofustjóri segja að sumarið í Norræna húsinu verði sérstaklega viðburðaríkt þetta árið, enda afmælisár. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

NORRÆNA HÚSIÐ: FJÖRUTÍU ÁRA

Svipmynd Aalto

Norræna húsið fagnar á þessu ári fjörutíu ára afmæli og hefjast hátíðahöldin með opnun tveggja sýninga laugardaginn 14. júní.

„Norræna húsið á afmæli 24. ágúst en við byrjum að fagna því nú með tveimur sýningum. Það er annars vegar sýning á byggingalist Alvars Aalto en þar eru meðal annars húsgögn, ljósmyndir og teikningar sem sýna hvernig hann hefur unnið sínar hugmyndir. Þetta er farandsýning sem fer um allan heim. Hins vegar er það sýningin 5x8 - 1968 en sú sýning er fyrst í röð fimm sýninga um starfsemi hússins á áratuga afmælum þess fram til dagsins í dag,“ útskýrir Þuríður Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri Norræna hússins.

Hugmyndin um Norræna húsið kom fram um 1960 frá stjórn Norrænu félaganna. Hún var síðar rædd á fundi norræna mennta- og menningarráðherra sem voru allir miklir áhugamenn um norrænt samstarf. Alvar Aalto var fenginn til að hanna Norræna húsið og því er við hæfi að hans sé minnst nú á afmælinu. „Hann valdi húsinu stað og vildi strax að það bæri svip íslenskrar náttúru. Sýningin er unnin af Alvar Aalto-akademíunni í Finnlandi og kallast Hugmyndir í við en viðurinn leikur mikilvægt hlutverk í byggingarlist Alvars Aalto. Á sýningunni gefur meðal annars að líta upprunaleg líkön úr skjalasafni Aaltos,“ segir Þuríður. Össur Skarphéðinsson mun opna sýninguna og Marit Toivanen frá Alvar Aalto-akademíunni flytur ávarp. „Síðan eru fyrirlestrar um arkitektúr í allt sumar meðan á sýningunni stendur,“ segir Þuríður áhugasöm.

Norræna húsið opnaði 24. ágúst 1968, í miðri blómabylt-ingunni, en með sýningunni 5x8 - 1968 verður opunarársins minnst. „Þetta er sýning sem við skipuleggjum og er sýningin sem opnuð er í dag sú fyrsta í röð fimm sýninga um starfsemi hússins á áratugaafmælum þess til dagsins í dag. Þetta eru þá árin 1968, 1978, 1988, 1998 og loks 2008,“ útskýrir Þuríður og bætir við: „Þema sýninganna eru þessir áratugir og verða til dæmis heimildarmyndir um Vietnamstríðið og hægt verður að fara í unglíngaherbergið þar sem kennir ýmissa grasa.“ Þessir menningartengdu viðburðir koma úr mörgum og mismunandi geirum eins og tónlist, myndlist og bókmenntum en nánari dagskrá má nálgast á heimasíðu Norræna hússins, www.nordice.is.

Ávallt er fjölbreytt menningardagskrá í gangi í Norræna húsinu en hún verður með einkar blómlegum hætti í sumar vegna afmælisins. „Reyndar miðast dagskráin á sumrin frekar við ferðamenn og á veturna meira við Íslendinga. En það er alltaf spennandi dagskrá í gangi. Í ágúst verðum við með heljarinnar afmælisdagskrá og verða þá sérstök skemmtikvöld tengd áratugunum frá afmælinu þar sem kennir ýmissa grasa.“ Þessir menningartengdu viðburðir koma úr mörgum og mismunandi geirum eins og tónlist, myndlist og bókmenntum en nánari dagskrá má nálgast á heimasíðu Norræna hússins, www.nordice.is.

hrefna@frettabladid.is

Legsteinar í miklu úrvali



Steinsmiðja

• Viðarhúfða 1
• 110 Reykjavík
• 566 7878
• Netfang: rein@rein.is

REIN

Viðarvörn nr. 1 á Íslandi



Tryggðu viðnum þu bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum þu bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum þu bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von. Tryggðu viðnum þu bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von.

Notaðu sumarið til að verja viðinn!

Verið viðbúin vetrarhörkum

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður

málning
- það segir sig sjálft -

Langar að leika ræningja

Sigurður Hrannar Hjaltason hefur alla tíð haft nóg fyrir stafni. Aðeins fjögurra ára gamall fór hann að æfa samkvæmisdans eftir hvatningu frá ömmu sinni, byrjaði svo að spilaði fótbolta, var í skátunum og bar út blöð. Hann segist vera sannkallaður hrútur, er þrjóskur, mikill keppismaður og framkvæmir það sem hann ætlar sér. **Alma Guðmundsdóttir** hitti Sigurð Hrannar og forvitnaðist um þennan unga og efnilega leikara.

Ég hef alltaf verið rosalega athyglisgjúkur og hef gaman af því að vekja athygli á meðal fólks, en ég fór í Versló því ég ætlaði alltaf að verða viðskiptafræðingur. Ég ætlaði ekki að fara í neina söngleiki og vissi varla af þeim þegar ég byrjaði í skólanum," segir Sigurður Hrannar um upphaf leiklistarhugans. „Mágur minn var að klára viðskiptafræði á þessum tíma ég leit mikið upp til hans. Hann var svona gaur sem var með allt á hreinu, svona „Brandon í Beverly Hills“ í mínum augum og ég vildi feta í hans fótspor. Dansinn tók svo mikinn tíma að ég fór ekki einu sinni í prufur fyrir söngleikinn Dirty Dancing sem var settur upp á mínu fyrsta ári," segir Sigurður. Hann byrjaði ungur að æfa samkvæmisdans, en útlökar þó ekki að leiklistarbakterían hafi eflaust alltaf blundað einhvers staðar undir niðri án þess að hann hafi vitað af því.

„Ég æfði dans í Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar og ég man að frá svona ellefu ára til fimmtán ára aldurs, þegar ég var sem mest í dansinum, hjólaði ég úr Vesturbænum þar sem ég bjó og upp í Kópavog til að fara á dansæfingar eftir skóla. Þar var ég svo fram á kvöld nánast alla daga vikunnar," segir Sigurður, sem æfði samkvæmisdans í ein tólf ár. „Þegar ég var sautján ára var ég kominn með alveg nóg og ákvað að hætta, en ég er viss um að dansinn hafi nýst vel í gegnum árin.“

Á sínu öðru ári í Verslunarskólanum fékk Sigurður fyrst tækifæri til að spreya sig í leiklistinni. „Þegar ég komst inn eftir dansprufur fyrir Thriller spurði Gunnar Helgason leikstjóri mig hvort ég gæti leikið og leist greinilega það vel á mig að hann lét mig hafa hlutverk. Ári síðar fékk ég svo hlutverk í Thriller og síðan í Wake Me Up. Það má eiginlega segja að áhuginn hafi kviknað fyrir alvöru á þessum tíma. Ég fann að þetta var það sem ég vildi gera, en mig langaði samt líka að prófa að vera hinum megin við borðið og á mínu síðasta ári í skólanum varð ég formaður nemendaráðs. Við settum upp Slappaðu af í Borgarleikhúsinu sem var rosalega stórt verkefni og ég sinnti náminu lítið sem ekkert á meðan.

”

Mér fannst námið bara vera eitt-hvert rugl, að vera látinn liggja á gólfinu, andandi heilu og hálfu dagana, gefandi frá mér einhver hljóð og hlaupandi um í svörtum gammósíum út um allt.

Ég bjó eiginlega bara niðri í nemendakjallara, fór í sturtu í leikfimiklefanum og svo aftur út í daginn," segir Sigurður og minnst þess að hafa varla farið heim til sín í tvær vikur. „Þegar lokaprófin nálgudust um vorið áttaði ég mig á því að ég hafði ekki verið í skólanum frá því í nóvember. Ég mætti síðustu tvær vikurnar fyrir próf og lærði eins og brjálæðingur. Kennararnir sýndu þessu sem betur fer mikinn skilning og ég náði öllu.“

Leikrænn sundlaugarvörður

Eftir stúdentsprófið tók við mikil vinna hjá Sigurði þar sem viðskiptafræðiafhuginn fékk að blómstra. „Ég fór að vinna með Samúel Jóni Samúelssyni að því að koma fyrir tækinu í kringum Frostrósir á laggirnar. Við vorum þrír strákar í turninum í Garðastræti, gáfum út fimm plötur, héldum fyrstu Frostrósátónleikana í Hallgrímskirkju og Quarashi-tónleika í Laugardalshöllinni. Þetta var mikið ævintýri, en þegar leið að jólum vorum við bara orðnir tveir, alveg að drukkna í vinnu. Ég þurfti að gera upp við mig hvort ég vildi halda áfram og eftir jólin ákvað ég að breyta um stefnu. Þá gerðist ég sundlaugarvörður í Vesturbæjarlauginni þar sem mamma er að vinna og var þá farinn að leiða hugann að því að fara í inntökupróf í Leiklistarskóla Íslands. Gunnar Helga hvatti mig eindregið til að fara og hjálpaði mér að undirbúa mónólóg. Ég ákvað að slá til og var þarna í turninum í Vesturbæjarlauginni að fara með einhverja mónólóga á meðan ég horfði yfir laugina," segir Sigurður og hlær.

„Ég komst í gegnum fyrstu umferðina í prufunum en datt svo út. Þá var ég reyndar búinn að fréttu að Rose Bruford College í London væri að fara að halda áheyrnarprufur helgina eftir, svo ég ákvað bara að skella mér þangað. Það var ekkert mál að fara með Shakespeare-mónólóginn á ensku, en mig vantaði eitthvað nýlegt og Gunnar Helga var ekki lengi að redda því. Þá var nýbúið að þýða Sellófón yfir á ensku fyrir konuna hans, Björk Jakobsdóttur, sem fjallar aðallega um konu og hennar kynfæri. Mér fannst þetta frekar undarlegt, en lærði samt mónólóginn. Svo stóð ég þarna í prufunum, ungur maður, talandi um pikuna á sér. Dómarinn sprakk svo bara



SIGURÐUR HRANNAR HJALTASON Leikur í ástin er diskó, lífið er pönk og á von á sínu fyrsta barni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

úr hlátri og tveimur vikum seinna fékk ég að vita að ég hefði komist inn í skólann," segir Sigurður.

„Þegar ég kom út um haustið leist mér samt ekkert á þetta og langaði eiginlega bara heim eftir fyrstu vikurnar. Mér fannst námið bara vera eitthvert rugl, að vera látinn liggja á gólfinu, andandi heilu og hálfu dagana, gefandi frá mér einhver hljóð og hlaupandi í svörtum gammósíum út um allt. Ég var einhvern veginn ekki búinn að kveikja á því hvað leiklistarnám er og hélt að ég væri bara að fara að læra að leika, en svo útskýrði þetta sig seinna meir og þegar upp er staðið voru þetta þrjú frábær ár.“

Gott að vera lágvaxinn

Framundan eru spennandi tímar hjá Sigurði því hann á von á sínu fyrsta barni í lok júní ásamt kærustu sinni Herdísi Önnu Ingimarsdóttur sem nemur viðskiptafræði í Háskóla Íslands. „Loksins getur maður farið að hugsa um eitthvað annað en rassgatið á sjálfvað sér og hætt að

setja sig alltaf í fyrsta sæti. Ég er mjög spenntur fyrir þessu," segir Sigurður, sem hefur haft nóg fyrir stafni síðastliðin tvö ár, en hann hefur meðal annars leikið í Patreki 1,5, Leitinni að jólunum og Skilaboðaskjóðunni, og leikstýrði á sama tíma leiksýningu Verslunarskólans, Allir á svið. Síðan í fyrra hefur hann verið ársráðinn leikari hjá Þjóðleikhúsinu og leikur nú í sýningunni Ástin er diskó, lífið er pönk, en rétt áður en Sigurður útskrifaðist frá Rose Bruford College fékk hann sitt fyrsta hlutverk og kom því fyrr til landsins en til stóð.

„Ég fórnaði útskriftinni í skólanum til að koma heim og leika í Patreki 1,5 því ég vissi að það gæti verið erfitt að fá hlutverk eftir námið. Þó svo að ég hefði lokið við þrjú ára nám fannst mér ég fyrst læra að verða leikari í Patreki. Sýningin gekk vonum fram, við sýndum úti um allt land og enduðum á þremur sýningum á stóra sviði Þjóðleikhússins," segir Sigurður og útskýrir að það hafi verið fyrir

tilstilli Gunnars Helgasonar að hann fékk hlutverkið. „Hann er án efa maðurinn á bak við það að ég er að leika í dag og það má hálfpartinn segja að ég sé bara vörumerkið hans," segir Sigurður og hlær.

Hvert er svo draumahlutverkið? „Fyrsta leikhúsupplifunin mín var Kardimommubærinn þegar ég var sjö ára. Sýningin sat rosalega í mér og ég var eldhræddur lengi á eftir, því það kviknaði í turninum og mér fannst það svo raunverulegt. Það stendur til að setja upp Kardimommubæinn á næsta ári, svo það væri ákveðinn draumur að leika einn af ræningjunum. Ég sagði við sjálfan mig að ég myndi gefa leiklistinni tvö ár eftir að ég kæmi frá London og nú eru þessi tvö ár liðin. Ég er búinn að vera mjög heppinn með hlutverk og ég er smám saman að komast á þann stað sem ég vil vera á. Það hefur ekki síður verið mér til framdráttar hversu lágvaxinn ég er og ég er mjög þakklátur fyrir það," segir Sigurður að lokum og brosir.

alma@frettabladid.is

→ Í HNOTSKURN

Stjórnumerki: Hrútur

Fæðingardagur: 22. mars 1982

Besti tími dagsins: Nóttin

Diskurinn í spilaranum: Ástin er diskó, lífið er pönk

Uppáhaldsmaturinn: Kjúklingarétturinn hennar Herdísar

Uppáhaldsdrykkurinn: Bjór

Uppáhaldssjónvarpsþáttur: Entourage

Mesta freistingin: Að eyða peningum

Hverju myndirðu sleppa ef þú þyrftir að spara? Að eyða peningum

Draumafrið? Næsta sumar á sólarströnd með litla erfingjanum.

Íslandsmeistarar 2008



Pálmar Þór Hlökkverson
Íslandsmeistari kaffibarbjóna 2008



Árni Ragnarsson
Íslandsmeistari í kaffismökkun 2008



Jónína Tryggvadóttir
Íslandsmeistari í mjólkurlist 2008

Til hamingju

Te & Kaffi þakkar kaffimeisturum sínum einstaklega góðan árangur á Íslandsmóttinu kaffibarbjóna og óskar þeim góðs gengis á Heimsmeistamóttinu í Kaupmannahöfn

www.teogkaffi.is



TE & KAFFI

LEIFSSAFN OPNAÐ

Leifssafn í Dölum verður formlega vígt í sumar. Þar verður ferðum þeirra feðga, Eiríks rauða og Leifs Eiríkssonar, gerð skil í máli og myndum.

FERÐIR 3



FLOTT Í SÓLINNI

Gömlu gleraugun geta orðið að flottum sólgleraugum ef skipt er um gler í þeim. Í Linsunni má líka kaupa gleraugu úr gömlum lager og láta breyta í sólgleraugu.

TÍSKA 4



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

Alicante og Benidorm

18. eða 25. júní

frá kr. 14.990



Allra síðustu sætin!

Heimsferðir bjóða nú síðustu sætin til Alicante/Benidorm 18. júní í viku eða 3 vikur og 25. júní í 2 vikur á einstökum kjörum. Bjóðum einnig upp á stökku tilboð, þar sem þú bókar flug og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Einnig er í boði frábært sértílbóð á einn vinsælasta gististað okkar á Benidorm Viña del Mar íbúðahótel, sem er frábærlega vel staðsett. Benidorm er einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga á Spáni og hér nýtur þú sumarsins í sólinni.

Verð kr. **14.990**

Netverð á mann með sköttum. Flugsæti aðra leiðina (KEF - ALC) 18. eða 25. júní kr. 14.990. Báðar leiðir 18. júní í 1 eða 3 vikur og 25. júní í 2 vikur kr. 24.990.

Verð kr. **34.990**

Netverð á mann, m.v. 2 fulloröna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð. Stökku tilboð í viku 18. júní (tvær aukavikur í boði). Tveggja vikna ferð 25. júní kr. 15.000 aukalega. Sértílbóð á Vina del Mar kr. 10.000 aukalega.

Verð kr. **44.990**

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi / stúdíó / íbúð. Stökku tilboð í viku 18. júní (tvær aukavikur í boði). Tveggja vikna ferð 25. júní kr. 15.000 aukalega. Sértílbóð á Vina del Mar kr. 10.000 aukalega.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Pótt Hafsteinn sé veikur fyrir hraðskreiðum bílum hefur hann aldrei verið tekinn fyrir of hraðan akstur. Viperinn er af árgerð 2006.

Snýst um fleira en að keyra

Að setjast inn í Dodge Viperinn hjá Selfyssingnum Hafsteini Þorvaldssyni er svipuð tilfinning og að smeygja sér í rússíbana sem rennur mjúklega af stað en er svo til alls vís.

Viperinn hans Hafsteins er 510 hestöfl og með 10 sílindra 8,3 vél. Hann er sagður 3,9 sekúndur upp í 100 kílómetra hraða og er með hámarkshraða upp á 317. Dekkin eru hátt í hálfur metri á breidd, heita 345 og kosta hundrað þúsund kall stykkið. „Ég fann þennan bíl á netinu og IB á Selfossi flutti hann inn. Hann er af árgerð 2006 og bara keyrður 5500 kílómetra. Mig hefur alltaf langað mest í Porche en Viperinn er eins mikill alvörusportbíll og hægt er að fá,“ segir Hafsteinn og útskýrir það nánar. „Þetta er bíll með svakalega eiginleika fyrir þá sem kunna með hann að fara. Hann liggur svo vel. Svo er hann fisléttur. Menn

geta náð flottum brautatímum á Porche þó þeir kunnir ekkert að keyra en þessi er hvorki með spólvörn né skriðvörn þannig að aksturinn krefst leikni.“ Spurður hvort hann hafi einhverja aðstöðu til að spretta úr spori svarar Hafsteinn: „Nei, það vantar alveg svæði til að keyra svona bíla á en ég er punktaus og hef ekki verið tekinn fyrir of hraðan akstur. Maður fær samt ekkert út úr svona bíl nema brjóta lög.“

Hafsteinn kveðst hafa bíladelluna í genunum, bæði faðir hans, bróðir og afi séu haldnir henni líka. Hann keypti Viperinn í fyrravor. „Það var á svipuðum tíma og ég eignaðist tvíbura þannig að tímasetningin var ekki sú besta,“ segir hann þínu vandræðalegur og kveðst lítinn tíma hafa til að keyra gæðinginn því hann reki garðþökusölu og þar sé brjáláð að gera á sumrin. „En bíladellan snýst um svo margt annað en keyra,“ segir hann. „Hluti af henni felst í að horfa á bílana.“

gun@frettabladid.is

17. JÚNÍ TILBOÐ*



79.900
FULLT VERÐ
89.900



69.900
FULLT VERÐ
79.900



49.900
FULLT VERÐ
59.900

LANDMANN

er frá
Þýskalandi

* Grilltangasett og yfirbrelðsla fylgir öllum gasgrillum til 17. Júní

Skoðið úrvalið á
www.grillbudin.is

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400





Byssa og stöng á hafi úti

ALLT, ATVINNUBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS – mest lesna atvinnublað landsins

Allt, atvinnublað Fréttablaðsins er með 77,8% meiri lestur en atvinnublað Morgunblaðsins.

Allt sem þú þarft...  ...alla daga

29,5%

Atvinna, Morgunblaðið

Allt, Atvinna



Rétt utan við bæinn í Eski-firði skagar Mjóeyri út í hafið. Þaðan er lagt út í ævintýr til sjós og lands fyrir litla og stóra hópa.

Hvataferðir verða æ vinsælli meðal fyrirtækja og hópa til að efla og styrkja samvinnu einstaklinganna. Á Mjóeyri stendur gisti-hús og rétt handan þess gamalt sjóhús sem áður var notað til síldarvinnslu, en þegar gengið er inn um dyr þess er það eins og að taka mörg skref aftur í tímann.

„Í sjóhúsinu er hægt að eiga nota-lega stund og grilla afla dagsins í góðra vina hópi,“ segir Berglind Steina Ingvarsdóttir, líffræðingur og eigandi ferðaþjónustunnar og gistiheimilisins Mjóeyrar við Eski-fjörð.

„Í hvataferðum hefur verið vinsælt að fara út á fjörðinn í litlum bátum með sjóstöng, keppa á milli báta í róðri og afla. Einnig er farið út á rúmsjó á trillum til að skjóta svartfugl, en veiðar eru áhuga-verður kostur í hvataferðum,“ segir Berglind, sem býr til dagskrá sem hentar hverjum og einum hópi þegar kemur að hvataferðum.

„Veiðitímabil eru árstíðabundin og þannig förum við með hópa á gæsir á haustin og rjúpur yfir vetrartímann. Hreindýraveiðar hefjast 15. júlí, en þá má skjóta tarfa og kýr frá 1. ágúst. Við bjóðum upp á leiðsögn hópa ásamt bíl-stjóra, aðstöðu fyrir verkun og



Hress hópur karlmannna með byssur á leið í svartfugl út frá Mjóeyri.

MYND/SÆVAR GUÐJÓNSSON



Mjóeyrarvíti í ljósaskiptunum.

MYND/BERGLIND STEINA INGVARSDÓTTIR

kælingu, og úrbeiningu þannig að veiðimenn geti fengið kjötið seint til síns heima, tilbúið í neytenda-

umbúðum,“ segir Berglind, en gistiskáli Mjóeyrar er sérstaklega hugsaður með þarfir veiðimanna í huga.

„Til að fara í skotveiði á okkar vegum þurfa tilætluð leyfi að vera til taks. Hér er mikil náttúru-feruð, veðursæld og hentugt landsvæði til ýmissa veiða, stutt á fiskimið og nærliggjandi silungs-ár. Hinn þaulreyndi veiðimaður Sævar Guðjónsson er leiðsögu- maður í nær öllum okkar veiði-ferðum.“

Sjá nánar á www.mjoeeyri.is

thordis@frettabladid.is

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga



Fjölskyldu og skemmtigarður í fallegu umhverfi. Veitingar, leiktæki, risa hoppipúði, kastali fuglatjörn og öll dýraflóra Íslands á einum stað. tofrar@stokkseyri.is www.tofragardurinn.is Sími 354 483-3800



Afþreying fyrir alla fjölskylduna Stokkseyri, aðeins 45 mín. akstur frá Reykjavík



Kajakaferðir fyrir alla. Frábært tækifæri til náttúruskoðunar á sjó og vatni í lífríki sela og fugla. Friðsælt, skemmtilegt og ógleymanlegt ævintýri. kajak@kajak.is www.kajak.is Sími: 354 896-5716





Við eldinn geta ferðamenn hlustað á sagnamenn bjóða í ferðalag aftur í tímann.



Íslenski hesturinn ásamt víkingum.



Búðardalurinn fagur, frá Skarðsströnd.

Vagga landafunda

Sögusvið Laxdælu breiðir úr sér í Dalabyggð og þessa dagana er verið að merkja sögulslóðir í máli og myndum víðs vegar um sveitina.

„Við erum lítið en merkilegt sveitarfélag þar sem sögusvið Laxdælu breiðir úr sér. Nú erum við einmitt að merkja þessar sögulegu slóðir Laxdælu víðs vegar um sveitarfélagið,“ segir Helga H. Ágústsdóttir, ferða-, menningar-, og markaðsfulltrúi Dalabyggðar, sem kallar Dalina vögguna landafundanna.

„Eiríkur rauði bjó hér er hann nam Grænland og Leifur sonur hans sem fann Ameríku fyrstur manna. Hér erum við með rústir Eiríksstaða, frá árinu 970-980 og hér rekum við lifandi safn í fullgerðum víkingaskála sem er nákvæm endurgerð rústanna. Þannig getur fólk sett sig inn í stemningu sögualdar með því að setjast við langeldinn og hlusta á sagnamennina okkar. Síðan ætlum við að opna sýningu Vínlands og landafunda í byrjun sumars í Leifssafni, sem verður þá formlega vígt. Þar verður ferðum

þeirra feðga gerð skil í máli og myndum,“ útskýrir Helga og nefnir einnig aðra merka menn nær okkar tíma. „Skáldunum Steini Steinarri, Stefáni frá Hvítadal og Sturlu Þórðarsyni verður hér reistur minnisvarði í sumar. Síðan er hér bæði æðarsetur og golfvöllur á teikniborðinu svo eitthvað sé nefnt. Einnig stefnum við á að fara í Green Globe-vottunarferlið á næstunni, enda hrein og óspillt náttúra, engar verksmíðjur og fjölbreytt fuglalíf,“ lýsir Helga og bætir við að alltaf sé hægt að sjá erni á flugi.

Dalirnir hafa heillað fjölda erlendra ferðamanna, en einnig fjölmiðlafólk hvaðanæva. „Erlendar sjónvarpssöðvar á borð við BBC, Discovery, National Geographic, japanska sjónvarpinu og fjölda kvikmyndagerðarmanna hafi komið við í Dölunum. Auk þess sem heilsidugreini í New York Times um heimsókn á Eiríksstaði birtist fyrir nokkrum árum.“

Framundan er síðan héraðshátíð Dalamanna sem nefnist að sjálfsögðu „Heim í Búðardal“ og fer hún fram í júlí. Sjá nánari upplýsingar á www.dalabyggd.is.

rh@frettabladid.is



Börn og fullorðnir bregða á leik í Dölunum, þar sem saga víkinganna lifnar við.



Leifsbúð, safnahúsið í Búðardal tekur fagnandi á móti ferðamönnum í sumar.

Gengið um friðlandið

Farið verður í fuglaskoðun í friðlandi Fuglaverndar í Flóa í dag.

Einar Ó. Þorleifsson náttúrufræðingur mun ganga með gestum um friðland Fuglaverndar við ósa Ölfusár, norðan við Eyrarbakka, í dag, 14. júní. Gangan hefst klukkan 17 og tekur um tvær til þrjár klukkustundir. Mæting er við Stakkholt.

Fuglalífið í friðlandinu er nú í hámarki og margt áhugavert mun efalaust verða hægt að skoða í gönguferðinni. Lómar á hverri tjörn, syngjandi lóuprælar, óðins-hanar og endur svo eitthvað sé nefnt. Einnig verður litið á gróðurinn.

Fuglaskoðunarhús Fuglaverndar í friðlandinu í Flóa verður til sýnis í gönguferðinni. Það verður formlega tekið í notkun seinna í sumar.

„Fólk á helst að taka með sér kík og vera í góðum skóm. Annað hvort leðurskóm eða stígvélum jafnvel. Nema það vilji verða vott í lappirnar,“ segir Einar sem mun kynna fólk friðlandið.

- mmf



Í friðlandi Flóans er fjölskrúðugt fuglalíf.

BÍLALEIGUBÍLAR SUMARHÚS Í DANMÖRKU

Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.

Bílar frá dkr. 1.975.- pr. viku.

Innifalið í verði; ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð. (Afgr.gjöld á flugvöllum).

Höfum allar stærðir bíla, 5 – 7 manna og minibus 9 manna og rútur með eða án bílstjóra.

DanCenter

Sumarhús

Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

Lalandia

LALANDIA - Rødby

Lágmarksleiga 2 dagar.

LALANDIA - Billund

Nýtt frábært orlofshúshverfi rétt við Legoland.

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is

Fylkir.is
Ferðaskrifstofa
Bestir í Danmörku

Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745

VILTU VERÐA RIDDARI GÖTUNNAR?

VERTU KLÁR FYRIR SUMARIÐ!

BÓKLEGT BIFHJÓLANÁMSKEIÐ Á NETINU!

www.ekill.is



ekill

www.ekill.is • upplýsingar í síma 894 5985

www.fm957.is

Þrjár góðar ástæður til að vakna klukkan sjö á morgnana...

Svali, Gassi og Sigga á FM957

Zuber

Alla virka daga frá klukkan 7 til 10

67% landsmanna undir fertugu hlusta á FM957

Capacent

FM957



Gamall og flottur lager

Í versluninni Linsunni er enn til mikið af gömlu gleraugum sem uppi voru í versluninni á áttunda og níunda áratuginum. Þau hafa nú verið dregin fram aftur og eru seld sem sólgleraugu.

Sólgleraugnatískan hefur verið mjög skrautleg síðustu ár og leita ungar stúlkur mikið í gamaldags gleraugu. Linsan í Aðalstræti 9 lumar á skemmtilegum gleraugnalager sem er allt að 40 ára gamall. Nú hafa gleraugun verið dregin fram aftur og sett í þau sólgler. „Þessi gleraugu eru mjög vinsæl innan ákveðins aldurhóps. Stelpur upp úr tvítugu koma talsvert hingað og kaupa þau sem sólgleraugu,“ segir Kristbjörg Ólafsdóttir, verslunarstjóri Linsunnar.

Gleraugun eru í öllum regnbogans litum og með ýmiss konar lögum. „Þetta eru gæðagleraugu frá Ítalíu og Frakklandi frá merkjum svo sem Alain Mikli, Laura Biagotti, Filos og Jil Sander.“ Þrátt fyrir að gleraugun séu frá þekktum merkjum þá eru þau seld frá 4.900 krónum.

Kristbjörg segir upplagt að draga fram gömlu gleraugun sín og setja í þau sólgler enda sólgleraugnatískan í dag mjög frjálslig. „Ég spyr fólk oft hvort það eigi ekki gömlu

Alain Mikli-gleraugun sín og segi því þá að koma með þau hingað og setja í þau sólgler. Ég gerði það með mín gleraugu sem eru 15 ára gömul.“

Það er sannarlega kúnt að finna gleraugu sem passa og huga þarf að mörgu. „Það er aldrei það sama sem passar fyrir alla. Ef sólgleraugun klæða þig ekki og ef þau sitja ekki almennilega á þér þá er ekkert gaman að þeim.“ Kristbjörg segir til dæmis misskilning að stóru gleraugun sem svo vinsæl eru núna passi best á breiðum

í Linsunni er til gamall lager sem í má finna alls konar gleraugu frá ýmsum tímabilum.



Kristbjörg segir gömlu gleraugun oft koma mjög vel út sem sólgleraugu. FRETTABLAÐIÐ/VALLI

andlitum. „Smáu andlitin eru betri fyrir stór gleraugu. Annars er mjög einstaklingsbundið hvaða lögum hentar hverjum og einum. Það geta komið inn mæðgur sem eru mjög líkar en samt passa mjög ólík gleraugu á þær. Ég held að þessi gullna regla sem fólk lærir um form og liti eigi ekki við andlitið, það spilar svo margt annað þar inn í. Ég las einhvers staðar að ég ætti að vera með sporöskjula gleraugu sem passar alls ekki við mig,“ segir Kristbjörg sem er greinilega reynd í brasanum enda hefur hún valið gleraugu á fólk svo áratugum skiptir. mariathora@frettabladid.is

Þjóðhátíðartilboð

20% afsláttur

Laugardag og Mánudag.



Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opnunartími Laugardaga 10-17
Mán - Föst 10-18



Vefta tískuföt • Hólagarði & Mjódd
Opnunartilboð www.vefta.is



Morgunstund gefur gull í mund

Hvernig væri að taka daginn snemma, njóta þess að fara út á morgnana og hreyfa sig í klukkutíma á launum?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 virka daga, eða um helgar.

Nánari upplýsingar gefur dreifingardeild í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á www.posthusid.is



Pósthúsið ehf, Suðurhraun 1,
210 Garðabær, s: 585 8300

NÝTT FRÁ CRUSER

3.995



Stærðir: 28-41

3.995



Stærðir: 28-45

3.995



Stærðir: 28-45

3.995



Stærðir: 28-41

3.995



Stærðir: 28-45

CRUSER®

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
www.skor.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Barnabækur eða myndablöð er sniðugt að hafa með í bílinn þegar ferðast er lengri leiðir með börn. Þau eldri geta lesið sér til skemmtunar, á meðan þau yngri geta dundað sér við að skoða myndir.



Volvo P1800 þótti mikil glæsikerra.

Söguleg heimsókn

Þrjátíu ár eru síðan að stofnaður var aðdáendaklúbbur um Volvo P1800-bílinn sem þótti mikil glæsikerra.

Í tilefni af þrjátíu ára afmæli aðdáendaklúbbs Volvo P1800 hófu fjörutíu og sjö eigendur Volvo P1800 sig saman, bæði frá Sviss og Þýskalandi, og keyrðu til höfuðstöðva Volvo í Svíþjóð.

Starfsfólk Volvo tók eftir þessu skemmtilega atviki og var ánægt með framtakið og þótti koma bílana athyglisverð sjón. P1800-áhugamannaklúbbur frá Sviss og Þýskalandi dvöldu í eina viku í Svíþjóð til að fagna þessum tímamótum. Í hópnum mátti sjá margar útgáfur af bílnum eins og 35

ES, 11 P/S/E og Amazon GT. Hópurinn heimsótti svo Volvo-safnið og þar var stillt upp fyrir myndatökur.

Volvo P1800 var fyrst kynntur til sögunnar á bílasýningu í Brussel 1960. Framleiðslan hófst ári síðar og voru 46 þúsund eintök framleidd. Fyrir þrjátíu og fimm árum lauk framleiðslu á bílnum eða árið 1973. Roger Moore ferðaðist um á bílnum í vinsælu sjónvarpsþáttunum um Dýrlinginn eða The Saint og jukust vinsældir bílsins vegna þess.

Hönnuður bílsins var Pelle Petterson en hann var gerður að heiðursmeðlimi sænska P1800-bílaklúbbsins og er virtur víða um heim af áhugamönnum Volvo.

-mmr



Íris Stefánsdóttir og Emelía Pétursdóttir fengu það skemmtilega verkefni að hringja í eigendur lyklakippanna og tilkynna þeim um fundinn.

Fundnir fjársjóðir

NÝLEGA FENGU TÍU VIÐSKIPTAVINIR ATLANTSOLÍU AFHENTAR BÍLALYKLAKIPPUR SEM ÞEIR HÖFÐU TÝNT.

Lyklakippur tapast á hinum ýmsu stöðum, í gönguferðum, ferðalögum og verslunum. Þó skilvísir finnendur komi þeim til lögreglunnar getur verið erfiðleikum háð fyrir hana að átta sig á hverjir eigendurnir eru. Ef dælyklar frá Atlantsolíu eru á kippunum er hins vegar vandinn minni því á skrifstofu fyrirtækisins er hægt að lesa af lyklunum og hafa uppið eigendunum þannig.

Kostnaður við endurnýjun bíllykla getur numið tugum þúsunda króna. Til dæmis var ávinningurinn að endurheimt lyklakippu um 70 þúsund krónur hjá einum viðskiptavini Atlantsolíu sem var einn af tíu heppnum sem fengu tapaðar lyklakippur til baka. Allir voru ánægðir þegar þessir fjársjóðir voru komnir í réttar hendur. -gun

Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

**KERRUÖXKLAR
Í ÚRVALI**

**og hlutir
til kerru-
smíða**

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

Ferðavörur

EM fótbolti fylgir ef keyptar eru vörur hjá Arctic Trucks fyrir 10 þúsund eða meira á meðan á EM stendur.

Arctic Trucks
arctictrucks.is

Farangursbox • toppgrindabogar • veiðistangafestingar • reiðhjólafestingar
Ferðavörur í hæsta gæðaflokki á frábæru verði

Arctic Trucks • Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 540 4900

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI



Skoðar ýmis skipti
TOYOTA LAND CRUISER GX 120 NYR BILL. Ágerð 2008, ekinn 0 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 6.850.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Umboðsbíll



útsala 350.000.- 100% lán án ábyrgðarmanna
MAZDA 626 GLX S/D EKINN AÐEINS 77 ÞÚS KM NY SKOÐAÐUR 09. Ágerð 1998, ekinn 77 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 350.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is ásett verð 590 þús



Skoða öll skipti eða verðtilboð
FORD MERCURY. Ágerð 1956, ekinn 5 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Tilboð óskast öll skipti skoðuð.

Bilabankinn Breiðhöfða, 112 Reykjavík Sími: 588 0700 www.bilabankinn.is




Díselgæi!!! MMC L200 DOUBLE CAB GLS 4WD. Árg. 2003, ek: 169þ.km, DÍSEL, 5 girar sk.'09. Gott verð 1.290þ. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf Kletthálsi 2, s:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

Bílalíf Klettháls 2, 110 Reykjavík Sími: 562 1717 Opið virka daga 10-18 laug. 12-16. www.bilalif.is



Toyota Land Cruiser '97 VX sjálfsk. 8 manna 33" e. 192 þ. km. Vel með farinn bíll. Lækað verð 1.490. Tilboð 1.175 þ.

Bílasala Reykjavíkur Bíldshöfða 10, 112 Rvk. Sími: 587 8888 www.br.is



Toyota Land Cruiser 120VX, árg. 2004, ek. 63þús.km, ssk. Diesel, 33" breyttur, dráttarbeisli, leður ofl. Verð 4790 þús.kr.

100 bílar ehf Funahöfða 1, 110 Reykjavík Sími: 517 9999 Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16 www.100bilar.is



Benz E-270 cdi 2004 ek.110þ 100% lán GSM:825-6163



Ford Transit 220D Connect ágerð 2005, diesel, ekinn 42 þús., háþekja, sk.'09, 100% lánað, verð kr. 1.550.000. S. 821 6292.



Ford Transit 110 diesel, ágerð 2008, nýr, óekinn, vinnuflokkabíll, 7manna, 4 dyra, verð kr. 3.790.000,- m.vsk. S. 821 6292.

Breiðan ehf Sími: 821 6292

Bílar til sölu

SDMO Rafstöðvar
0,8kva - 1,7kva
Garnla verð meðan þingör endast

Ráðgjöf // Sala // Þjónusta
Öli Ársæls 893 3016
Gunnar 864 6799

KRAFTVÉLAR
Dálveg 6-8. BF 301 Kópavogi



GLÆSIBÍLL Á TILBOÐ!
Jaguar s-type, einn með öllu! árg. 02, ekinn 113.000 ásett verð 3.490 þús., tilboð 2.390 þús. áhvilandi 1.650 þús. Tek ódýrann bíl eða gott fjórhjól uppl. Uppl. í s. 698 0400.



Benz E-270 cdi 2004 ek.110þ 100% lán GSM:825-6163

Við stórlækkuðum sölukostnað!
Skráðu bílinn hjá okkur - frítt!

NETBÍLAR
www.netbilar.is

Vantar allar gerðir bifreiða á skrá, Mikil sala
Netbilar.is stórlækka þinn sölukostnað. Föst þóknun upp að tveimur milljónum aðeins 34.900 fyrirþitt ökutæki. Kyntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamánburð. Bílasalan Netbilar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300



Hyundai Starex H-1, 7 manna, 4x4, diesel
Skr. 01/02, ek. 103 þús. Ný heilsárs-dekk, dráttarkúla, bsk, 5 gir, hátt og lágt drif. Ásett verð 1.550.000.- tilboð kr. 1.250.000.- Uppl. í s. 820 3206.

LAGERSALA Fólksbílar

Fáðu Betra Tilboð!
10% afborganing - lánað ábyrgð

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýjrir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C230 frá 3700þús. Sími 5522000. www.islandus.com

3205 S THULE

Innanmál: 204x142x35 cm
Heildarþyngd: 750 kg
Burðargeta: 600 kg
Dekk: 13"
Listaverð kr. 149.000,-
Tilboðsverð: 125.000,-

Lyfta.is - 421 4037 - www.thuletrailers.is - thule@thuletrailers.is



Audi A4 1.8T Quattro, sv.árg.02, ek.132þ. Verð 1890þ. Lán 1100þ. Skipti ódýrari.



VW Passat 1.8 turbo. Árg. '01 ek. 125 þús. 17" álfelgur, spoilerkitt, glerþopp-lúga og leðurseti. V. 1.590, fæst á yfirtöku. S. 868 5339.



Toyota Avensis „06 53.000 km. Sjálfsk. erl. yfirtaka + 200 þús. Siggi 825-2120



Renault Master 17 sæta rúta árg.'01. með nýrri vél, kúpling ofl. í toppstandi. S. 898 5142.



Mjög vel með farinn, VW Passat comf. Árg '98, sjsk., nýsk. og í toppstandi. V. 590 þ. Uppl. s. 898 9819 Þorsteinn.



Tilboð tilboð! vegna flutunga VW Fox skráður mars 2006 til sölu. Ásett verð 1150 þús. Tilboðsverð 950 þús. Hagstætt 100% lán getur fylgt bílnum (afborganir rúmlega 19 þús. á mánn). Frekari upplýsingar fást í s. 862 2130.



Rúmgóður fjölskyldubíll í fríð Fiat Marea Weekend '99 Sk. '09. Ný tímareim + fl. Góður og vel með farinn bíll. Verð 300 þ. S. 690 4045.



Camaro 6 gir beinsk. árg. '02 ek. aðeins 12 þús. mílur. Athuga öll skipti á ódýrara. Uppl. í s. 659 5041.



Mazda 3 árg. '06 ek. 52 þ. Listaverð 1950 þ. Tilboðsverð! 1500 þ. Uppl. í s. 897 8545.



HUMMER H3 '06 V4,8m.kr. Lán getur fylgt. S: 8650046



M. BENZ C180 KOMPRESSOR '07 V3,4mkr. Lán getur fylgt. S:8650046



Landrover Discovery árg.2005. Sjálfsk. mjög vel útbúinn. K. 40 þ.m. TILBOÐSV. 3,9 millj. S. 899-8605



Toyota Land Cruiser 120 GX - 2005 ágerð - 35" breyttur Mjög fallegur og vel með farinn bíll, ekinn aðeins 39 þúsund km. Dráttarkrókur, álfelgur, xenon, filmur, loftkæling, reykláus bíll. Verð 5.450 þús, áhvilandi 4.100 þús. Uppl. í síma 897-6464

TIL SÖLU SALEEN 2006
með framleiðslunúmerið 1116 frá Saleen.
475 HP og aðeins ekinn 3000 km. Aldrei séð rigningu. 20" felgur. Þetta er alvöru sportbíll sem hefur verið mikið breytt hjá Saleen. Ný og stífari fjöðrun, 4 stimpla bremsur, ný innrétting og hestöflum bætt við.

Þetta er einstakt tækifæri til að eignast sjaldgæfan bíl enda bara 3 á landinu.

Verð 8 millj. staðgr.
Þeir sem hafa alvöru áhuga og fjárráð hafið samband í síma 699-3135

heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 14. JÚNÍ 2008

● HÖNNUN

Mynstur af rannsóknastofunni

● INNLIT

Byggt með bænahjálpi

● HILLAN MÍN

Meira til nytja
en skrauts



FRÉTTABLAÐIÐ

www.gardyrkjan.is



Græn bílastæði.





HEIMILISHALD
HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR

Þegar skórin kreppir

Flaust hafa allir orðið varir við kreppu og verðbólgu síðustu daga og misseri. Heimilin finna óneitanlega fyrir breyttum kjörum þegar matarkarfan snarhækkar í verði og bensínverð rýkur upp úr öllu valdi. Efnahagsspár næstu ára eru vægast sagt daprar og sjáum við fram á samdrátt í samfélaginu og þar af leiðandi samdrátt heimilanna.

En fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Var ekki kominn tími á að eyðslufylleríni lyki? Það er ekki eðlilegt að taka neyslulán. Er ekki eitthvað bogið við það að taka lán svo að öruggt sé að stærsti flat-skjárninn eigi heiðursess í stofunni? Er nauðsynlegt að eiga glænýjan bíl ef það hefur í för með sér að skuldsetja sig þannig að öruggt sé að mestum tíma sé eytt í vinnu svo hægt sé að eiga fyrir afborgunum? Til hvers að kaupa allt þetta dót ef það gefst ekki einu sinni tími til að njóta þess? Það skiptir þó litlu samanborið við þann boðskap sem við færum börnum og unglungum sem alast upp á slíkum óhófstímum.

Nú þykir kannski sumum að þeir séu að lesa hér ræðu um eld og brennistein þar sem undirrituð hefur komið sér fyrir í háum predikunarstól og skammar ótíndan almúgann. Það er rétt, því staðreyndin er sú að nauðsynlegt er að lesa yfir þjóðinni. Fólk er sí og æ að fárust yfir leikskólamállum, unglungavanda, stöðu fjölskyldunnar og heimilisins í nútímasamfélagi en dettur engum í hug að líta í eigin barm og skoða hvers konar fyrirmyndir foreldrarir eru?

Við verðum hvumsa yfir því að unglingurinn á heimilinu fúlsi við afgreiðslustarfi í Bónus af því það er svo hallærislegt og láti sér síðan detta í hug að hætta að mæta í vinnu án þess að tala við Pétur eða Pál. Af hverju kemur þetta á óvart? Unglingurinn hefur hingað til ekki þurft að hafa fyrir nokkrum sköpuðum hlut. Hann fær allt upp í hendurnar umbeðið jafnt sem óumbeðið þegar foreldrarir ausa í hann gjöfum til að minnka samviskubitið yfir of litlum samvistum og löngum vinnutíma. Börn og unglingar fylgjast með foreldrum sínum hala inn gössið og ráfa um Smáralindina eins og hungraður búfénaður í leit að æti. Kaupa, kaupa, kaupa því þá líður okkur svo vel! Allar hömlur og mörk verða óljós og ef fólk langar í eitthvað þá fer það bara og nær í það. Matvöruverslanir eru opnar allan sólarhringinn svo örugglega sé hægt að kaupa allar „nauðsynjavörur“ hvenær sem þörf er á og á meðan neyslan tekur öll völd og hamingjan felst í krítarkorti gefst ekki tími til að sinna því sem skiptir mestu máli.

Mörgum líður eins og þeir hafi vart stjórn á eigin lífi. Þá get ég glatt ykkur með einu. Við höfum alltaf val. Þótt erfitt efnahagsástand setji auðvitað strik í reikninginn og greiða þurfi skuldir getum við samt stjórnað því hvernig við lifum. Við tökum ákvarðanir um eigið líf og stefnu fjölskyldunnar. Kannski kreppan hafi ýmsa kosti þrátt fyrir allt. Hún kallar á breytta lífshætti og nær fólk aftur niður á jörðina. Hugsanlega verður hún til þess að börnin okkar alast ekki upp þannig að þau verði ofdekrúð með kolrangt gildismat. Kreppan fær okkur til að hugsa og í raun var tími til kominn.



● Forsíðumynd: Gunnar V. Andrússon tók mynd á heimili Dóru Sifjar Tynes **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emillía Örlýgisdóttir emillia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



● **SANNKALLAÐ LISTAVERK** Þessi stóll nefnist Ruggustóllinn eða Lykkjustóllinn og er ein frægasta hönnun svissneska hönnuðarins Willy Guhl (1915-2004). Er óhætt að segja að stóllinn, sem bæði má nota innan- og utanhúss, sé sannkallað listaverk. En við hönnun hans hafði Guhl það að leiðarljósi að ná fram sem mestu með sem minnstri áreynslu.



Hanna Birna Kristjánsdóttir við eldhúsbordið þar sem fjölskyldan á góðar stundir.

FRETTABLAÐID/ARNPÓR

Góðar stundir í eldhúsinu

● Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins safnar fjölskyldunni saman við eldhúsbordið á kvöldin. Þar fara meðlimir hennar yfir daginn og leysa lífsins gátur.

Hönnu Birnu Kristjánsdóttur finnst gott að slaka á heima hjá sér með fjölskyldunni eftir erfiðan dag í vinnunni. „Uppáhaldsstaðurinn minn á heimilinu er við eldhúsbordið því það er staðurinn þar sem fjölskyldan borðar alltaf saman,“ útskýrir hún. „Þarna fer ég yfir daginn með fólkinu mínu og þetta er staðurinn þar sem við leysum lífsins gátur.“

Hanna Birna segir fjölskylduna hafa það fyrir reglu að kveikja ekki á útvarpi né sjónvarpi meðan hún situr við matarborðið heldur nota tímann til að spjalla saman. „Við reynum að halda því sem fastri reglu að það sé algjör friður við eldhúsbordið. Ég á tvær stelpur, eina þriggja ára og eina tíu ára, og þær segja mér frá öllu því stórkostlega

sem þær hafa upplifað yfir daginn. Svo er eldhúsbordið gjarnan notað þegar vinirnir koma í mat, þannig að þetta er staðurinn þar sem maður leysir málin og ræðir þau.“

Borðið sjálft er eftir finnska arkitektinn Alvar Aalto en Hanna Birna keypti það þegar fjölskyldan flutti í Fossvoginn fyrir fjórum árum. Hún segir borðið, sem er í hjarta hússins á milli eldhússins og stofunnar, falla vel inn í umhverfið. Borðið eigi sér annars enga sérstaka sögu, nema þá sem fjölskyldan sé að skapa í kringum það.

Hanna Birna segir þau hjónin annars vera samhent í eldhúsinu. „Við eldum bæði en maðurinn minn er meira náttúrutalent í eldhúsinu en ég. Ég er duglegri við

að fara eftir uppskriftum en hann leikur þetta af fingrum fram. Ég er mjög hrifin af salötum en nú er sumar og þá langar mann alltaf í salat. Stelpurnar mínar eru ekki alveg jafnhrifnar af því, en þær fá þá bara eitthvað annað. En svo finnst okkur líka gaman að elda öll saman. Þá er það oftast eitthvað einfalt eins og pítsa.“

Það er auðheyrta á Hönnu Birnu að fjölskyldan skiptir hana miklu máli og tíminn með henni er henni dýrmætur. „Okkur finnst þetta vera heilugar tími við kvöldverðarborðið og okkur hefur tekist ágætlega að halda því og láta ekkert trufla okkur. Það skiptir minna máli hvað við erum að borða, heldur frekar hvað við erum að ræða.“

-rat

H v í l d a r s t ó l a r

Vandaður slökunarstóll með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir
Tilboðsverð m/ákl. kr. 49.900.-
Tilboðsverð m/leðri kr. 69.000.-

Nýtt

Rafstýrður hvíldarstóll með lyftu sem lyftir þér upp og úr stólnum. Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem eiga erfitt með hreyfingar. Með innbyggðum skemli.
Tilboðsverð m/leðri kr. 118.000.-

Vandaður slökunarstóll Með leðuráklæði og skemli. Litir: Beige, brúnt, svart og rauðbrúnt.
Tilboðsverð kr. 76.000.-

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opíð virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

www.valhusgogn.is
Röllu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!



Besam sjálfvirkur opnunarbúnaður



Trégluggar og -hurðir



Prodema viðarklæðning



Álprófilar – Sapa Building System



Sólstofur og svalalokanir



Hraðhurðir

Stálhurðir með og án glugga

Gæði og þjónusta í meira en 50 ár!



Álklæddir trégluggar



Álgluggar og -hurðir



Bílskúrs- og iðnaðarhurðalausnir



Rennihurðir



Alux öryggislokanir



Renson loftunarristar



Gluggasmiðjan

Viðarhófi 3 - Sími 577 5050 - www.gluggasmiðjan.is



Iðnaðarhurð



Rúlluhurð



Vörulyftur og veðurhlífur



Hraðlyftihurð



Eldvarnarhurð



Hlið



HÖRMANN

Hjá Glófaxa færðu: Iðnaðarhurðir, bæði sem flekahurðir og rúlluhurðir.

Iðnaðarhurðir, með gönguhurðum, með eða án þröskulds. Í hurðunum eru gluggar ísettir plastrúðum sem rispast ekki.

Einnig fást eldvarnar-, öryggis- og bílskúrshurðir.



GLÓFAXI ehf.

Ármúla 42 • Sími 553-4236 / 553-5336
Fax 588-8336 • glofaxi@simnet.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



Blómleg myndur úr sumarlinu Marimekko.

Dáleiðandi endurtekning

● Tölvutækni og vísindalegar aðferðir hafa hrint af stað byltingu í hönnun á mynstri.

Í mynstri sameinast hið rökræna og órókræna. Við nánari skoðun er hægt að uppgötva afar flókið og rökrænt kerfi eða ráfa um dáleiðandi endurtekningu mynstursins. Þetta kemur fram á vefsíðu ameríska hönnunarteymisins Deadly Squire, www.deadlysquire.com, sem sérhæfir sig í hönnun á mynstri. Það eru hjónin Anna og Tim Harrington sem mynda teymið og vefsíðuna prýðir mynd af hjónunum þar sem þau sitja í hvítum sloppum inni á rannsóknarstofu og búa til myndur. Afar vísindaleg nálgun á sköpun og hönnun. Enda er það nýjasta tölvutækni og vísindi sem hefur hrint af stað byltingu í hönnun á mynstri. Í kjölfarið hefur framleiðsla á hlutum með áprentuðu mynstri stórkostlegt og hver einn og einasti hefur það hlutverk að glæða hversdagsleikann og heimilið lífi. Hér getur að líta örfá dæmi.



Hjónin Anna og Tim Harrington eru fyrirtækið Deadly Squire, en þau hanna skemmtileg myndur, innblásin af náttúrunni.

Myndir af þekktum byggingum í Lundúnum prýða disk frá Snowden Flood. Sjá snowdenflood.com.

Þessir skrautlegu púðar eru frá hönnunarfyrirtækinu Deadly Squire.

Þessar Marimekko-kýr hlaupa með mann í draumalandið.



Sófi með áklæði frá Designers Guild. Verslunin Vefurinn í Garðabæ selur áklæði þaðan.



Miele



Miele — glæsileg eldhústæki

Miele eldhústækin eru faguð og fyrsta flokks. Þau eru búin nýjustu tækninýjungum, hönnuð af alúð og framleidd af þýskri nákvæmni.

Nýju Miele eldhústækin hafa hlotið einstakar viðtökur um alla Evrópu sem og verðlaun og viðurkenningar.



Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Opið frá kl. 10:00 til kl. 18:00 virka daga | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Borðstofustólarnir eru hin víðkunna „sjöa“ Arne Jacobsen, en við innréttinguna fékk Dóra sams konar barstóla. Hún vildi hafa eldhúsinnréttinguna stílhreina þar sem opið er yfir í borðstofu. Í baksýn glittir í stigann.



Dóra ákvað að stækka stigaopið og hafa skílrúm úr gleri til að hleypa meiri birtu í íbúðina. Kistillinn er gömul sjókista frá langafa hennar sem var síðar máluð en pianóið lærði faðir hennar á og var það áður í eigu Sigfúsar Einarssonar tónskálds. Gítarinn fékk amma Dóru, Hrefna Tynes, að gjöf frá skátafélaginu Valkyrjum árið 1939 þegar hún fluttist til Noregs.



Borðstofuskápurinn er rúmgóður og fékk Dóra hann frá móður sinni sem keypti hann í Casa fyrir um þremur áratugum. Hann er úr birki og lét Dóra sprautulakka hann hvítan svo hann passaði betur í umhverfið.



Stórir gluggar hleypa inn mikilli birtu og gera íbúðina einstaklega sjarmerandi.

FRÉTTAHLAÐIÐ/GVA

Notalegheit í miðbænum

● Lögfræðingurinn Dóra Sif Tynes hefur búið sér fallett heimili á Skólavörðustíg sem hún hannaði sjálf. Breytingarnar gengu ekki átakalaust fyrir sig en útkoman er stórglæsileg.

„Ég flutti inn í desember og líður mjög vel í miðbænum. Þetta var hins vegar heilmikið verk og í upphafi hét ég því að ráðast aldrei í annað eins stórvirki aftur,“ segir Dóra. „Þegar hafist var handa við að skipta um þak gekk í garð ein mesta rigningatíð í manna minnum og voru þó nokkrar svefnlausar nætur sem fylgdu í kjölfarið. Það lak á vesalings nágranna mína en þolinmóðara fólk fyrirfinnst varla. Það var meira að segja svo komið að eldri börn systur minnar sem voru í fermingarfræðslu og búa á Ítalíu báðu prestinn og bekkinn að biðja fyrir betra veðri í Reykjavík,“ segir hún kímín.

„Ég fékk til mín góða iðnaðarmenn en hugmyndirnar og hönnunin er mín. Ég ætlaði í upphafi að fá innanhússarkitekt til aðstoðar en síðan var erfitt að finna einhvern sem hafði tíma þannig að á endanum keypti ég bara fullt af blöðum og ákvað þetta sjálf.“

Dóra keypti íbúðina með byggingaleyfi til að bæta við efri hæðinni. „Fyrir var gamalt þurrkloft en húsið er frá árinu 1922. Þakinu var lyft og kvistir settir að



Háfurinn er í senn ljós og eldhúsháfur. Hann fæst í Eirvík en innréttingar eru frá Kvik og er ítalskur steinn á borðinu frá S. Helgasyni. Gashellurnar eru frá Eirvík.



Hugmyndina að baðherberginu fékk Dóra úr tímariti. Flísarnar á baðherberginu eru frá Parka en blöndunartæki, glerskílrúm og postulín var keypt í Byko.

sunnanverðu. Þannig bættist við efri hæðin. Niðri var eldhús og tvær stofur sem ég vildi gera að einu rými. Þá þurfti að taka niður vegg og kom í ljós að þeir voru skakkir og opna þurfti meira til að rétta þá af. Ég vildi hafa gólfhitakerfi af því mér fannst ofnarnir


taka of mikið pláss og þá var gólfíð opnað. Sást þá að gólfbitarnir voru orðnir lélegir og einangrað var með sagi, svo það þurfti að laga,“ segir hún og þannig undu framkvæmdirnar upp á sig. Þær tóku þó einungis fjóra mánuði og er Dóra afar ánægð með niðurstöðuna. -hs



Fataskápurinn er úr Ikea. Dóra er mjög ánægð með skógrindurnar. Fyrst ætlaði hún að fá sér rennihurðir fyrir skápinn en ákvað að hafa hann opinn til að hafa góða yfirsýn þegar velja á réttu klæðin. Hún segir það líka hvetja sig til að halda öllu í horfinu.



Þegar gera þarf veggþykki fyrir upphengt klósett er kjörið að nýta plássíð á þennan hátt.



„Íslensk blóm
eru harðgerðari,
kröftugri og ferskari.“

Björn Sigurbjörnsson, garðyrkjumaður.

Í áratugi hafa íslenskir garðyrkjubændur náð að byggja upp og rækta kröftuga stofna af íslenskum sumarblómum sem búa yfir einstökum eiginleikum. Þessir stofnar hafa lagað sig að íslenskri sumarveðráttu en gefa innfluttum stofnum ekkert eftir að fegurð og yndisleik.

Nýttu þér dýrmæta þekkingu og reynslu íslenskra garðyrkjubænda.
VELDU ÍSLENSK SUMARBLÓM, SÉRMERKT ÞÉR.

íslenskar
garðplöntur



VANDAÐU VALIÐ VELDU AFLMIKIL GRILL SEM ENDAST

Skoðið úrvalið á www.grillbudin.is

Frábært ferða-
gasgrill í tösku

69.900
FULLT VERÐ
79.900

34.900
FULLT VERÐ
42.900

16,5
kw/h

12.900
FULLT VERÐ
14.900

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

LANDMANN
er frá
Þýskalandi



Sesselja notar hilluna fyrir hljómflutningstækin og þá diska sem eru mest í umferð auk þess að henda þangað nótum sem hún er að vinna með þá stundina.

FRETTABLAÐIÐ/VALLI

HILLAN MÍN

Góð til síns brúks

„Ég er ekki með margar hillur þannig að valið er einfalt,“ segir Sesselja Kristjánsdóttir söngkona og hlær um leið og hún bendir á ágæta hillu á heimili sínu. „Ég á þessa ekki einu sinni sjálf heldur fékk hana að láni hjá vinkonu minni sem hafði ekki pláss fyrir hana. Mig vantaði hins vegar hirslu enda er hún í stöðugri notkun. Þar er ég með hljómflutningstækin og þá geisladiska sem eru mest í umferð, auk þess sem ég hendi þangað nótum sem ég er að vinna með þá stundina.“

Í hillunni stendur fallegur lampi sem Sesselja kveðst hafa gefið manningum sínum, Ólafi Hjálmarssyni, í afmælisgjöf þegar þau bjuggu í Berlín. Þar er líka mynd af henni sem Rósínu í Rakaranum í Sevilla, sem var hennar fyrsta hlutverk í Íslensku óperunni. Fornrit eiga sess í hillunni og einnig safn árbóka Ferðafélagsins sem Ólafur erfði eftir föður sinn. „Ólafur slær í gegn á öllum hringferðum um landið síðan,“ segir Sesselja brosandí. „Alltaf með fróðleikinn með sér.“

-gun



Sumarið er komið! Sjáðu bara :)

Útskrifaðir töffarar!
BERTONI jakkaföt
með flottu sniðunum
í gríðarlegu úrvali.

Bolir frá 1.990.
Skyrtur frá 2.990.

Quart-buxur
og stuttermabolur
frá kr. 4.900.

Herra
hafnarfjörður

Firði Hafnarfirði | Sími 565 0073

hönnun

● DÚLLULEGT DÚKKUSTELL

Gaman er að bjóða í huggulegt kaffieða teboð og þá þarf að eiga gott stell. Lítil krútt vilja stundum halda teboð fyrir leikfélaga sína eða mjúka bangsa- og dúkkuvini. Enda er afskaplega huggulegt að setjast niður í stofu með fallega bolla og ræða menn og málefni. Þetta vandaða álbollastell fyrir litlar hendur og munna fæst í versluninni Einu sinni var og kostar 2.890 krónur. Það er í fallegri tösku og með því fylgir blómlegur bakki.



● STÓLL FYRIR BÓKAUNNENDUR

Í þessum stól er hægt að geyma upp undir fimm metra af bókum, sem hægt er að teygja sig í þegar mann langar til að glugga í bók. Hann er sniðugur fyrir þá sem vilja sýna bókasafnið sitt og hafa það alltaf við höndina. Stóllinn, sem er hannaður af ítalska tvíeykinu Nobody&co, setur svo sannarlega litríkan svip á stofuna. Hann er að sama skapi sniðugur fyrir lítil hús þar sem ekki er mikið pláss fyrir stóra bókaskápa. Stóllinn er hægt að fá í mismunandi litum og viðargerðum.






BROSANDI ALLAN HRINGINN

VEITINGASTAÐIR Á ÖLLUM HÓTELUNUM • ALLTAF STUTT Í SUND
VINGJARNLEG ÞJÓNUSTA • GISTIVERÐ FRÁ 3.750 KR. Á MANN



13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal
5 Nesjaskóli • 6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir
10 Akureyri • 11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal



Pantaðu allan hringinn á hoteledda.is eða í síma 444 4000



2



3



4



1

Þjóðlegt og flott

● Þjóðhátíðardagur Íslendinga, 17. júní, er á næsta leiti. Á þeim degi flykkist fólk til hátíðarhalds; Fjölskyldur og vinir fara saman í skrúðgöngur með fána og blöðrur og gera ýmislegt sér til dagamunar. Ýmislegt er hægt að taka með sér á slíka fögnuði og annað er hreinlega hægt að nota til að ljá heimilinu þjóðlegan blæ.

1. Íslenska fjölskyldan frá Stello Design eru flott glös sem lífga upp á heimilið. Fást meðal annars á www.birkiland.is á 1.188 krónur.

2. Völuskrín frá Völuskríni. Fæst á www.birkiland.is á 3.669 krónur.

3. Taska sem væri sannarlega flott á 17. júní. Fæst í versluninni Handprjónasamband

Íslands, Skólavörðustíg 19, og kostar 1.490 krónur.

4. Flottur þjóðhátíðarbolli sem fæst í versluninni Islandia í Kringlunni á 1.320 krónur.

5. Klakinn er nútímalegt klakaform í laginu eins og Ísland. Hannað af Óðni Bolla Björgvinsyni. Fæst meðal annars á www.birkiland.is á 2.875 krónur.



5



BYLTING Í SVEFNLAUSNUM

EITT BESTA ÚRVAL LANDSINS Á HEILSUDÝNUM




SUMARTILBOÐ 10-40% AFSLÁTTUR



eZ sleep

FRÍ LEGUGREINING
og fagleg ráðgjöf
á heilsu- og
sjúkradýnum



Rúm
Gott

www.rumgott.is

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121. Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

„Notar þú Rafmagn!“



Hitaveita Suðurnesja hf, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ.
Sími: 422 5200 - www.hs.is - hs@hs.is



Það er komið sumar!



Fallegar, gróskumiklar plöntur

Tré, sumarblóm, skrautrunnar, berjarunnar, limgerðisplöntur, rósir, fjölærar plöntur, grænmetisplöntur og kryddjurtir. Mikið úrval af hengiplöntum.

Fagleg ráðgjöf um val á plöntum!

Annað nauðsynlegt í garðinn

Hengikörfur, ker, pottar, mold, áburður, smáverkfæri o.fl.



GRÓÐRARSTÖÐIN
STÓRÐ

B|A|S|L|E|R

Loksins á Íslandi!

*Þann 8. mars var opnuð í Skipholti 29b
Basler kvenfataverslun með þýskri gæðavöru
fyrir konur á öllum aldri.*

Sumarútsalan

er hafin

*Ótrúleg verð á klassískum
gæðavörum*



ÍBÚÐIR Í HJARTA KAUPMANNAHAFNAR

Stærð: 77m² 2 herbergja
 Stærð: 97m² 3 herbergja
 Stærð: 98 -114m² 4 herb.,
 Bílskúr: Bílastæði leigist
 aukalega.
 Byggingarár: 2007
 Inngangur: Sameiginlegur
 Lyfta er í húsinu.
 Leiguverð: Mánaðarleiga frá
 DKK 8.350,- (langtímaleiga)
 Skammtímaleiga frá DKK
 1.500 sólahringurinn
 (lág. vika)
 Húsgögn eru í
 skammtímaleigu.



TIL LEIGU

Skammtímaleiga / Langtímaleiga

Lögheimili Eignamiðlun kynnir glæsilegar nýjar íbúðir í hjarta Kaupmannahafnar til leigu í styttri eða lengri tíma – með eða án húsgagna.

Íbúðirnar eru við byrjun Amager, Svinget 21 & Hollænderdybet 30 og er stutt að fara á Strikið, verslunargötuna Amagerbrogade, verslunarhúsin Fields og Fisketorvet og í allar helstu samgöngur. Stutt er í Metro lestina, Christianshavn, Islands Brygge og Tivólí. Rólegt og barnvænt hverfi þar sem matvöruverslanir eru nálægt og öll þjónusta.

Íbúðirnar eru 2ja til 4ra herbergja að stærð. Húsin er fimm hæðir og eru með lyftu. Allar íbúðir eru með svalir. Sameiginlegur garður er fyrir húsin. Möguleiki er á að leigja bílastæði í bílakjallara. Íbúðirnar eru með vönduðu eikarplankaparketi á gólf og fallegum eldhúsinnréttingum með öllum helstu tækjum. Svefnherbergin eru með rúmgóðum skápum. Björt stofa opin inni eldhúsi. Glæsileg baðherbergi með fallegum innréttingum, upphengdu klósetti, granít plötu á borðum og fallegum náttúruflísum á gólf og veggflísum. Geymsla er í kjallara. **Einstakt tækifæri fyrir starfsmannafélög, fyrirtæki og einstaklinga. Nánari upplýsingar veitir Jónas Örn Jónasson hdl. í síma 770 8200 eða með tölvupósti jonas@logheimili.is**



LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN

Skipholt 15 • 105 Reykjavík
 Sími: 512 3600 • www.logheimili.is



Heimir Bergmann
 Framkvæmdastjóri
 Beinn sími 512 3600
GSM: 822 3600
 heimir@logheimili.is



Jónas Örn Jónasson
 Löggiltur fasteignasali
 Lögmaður
GSM: 770 8200
 jonas@logheimili.is



Sogavegur 144

108 Reykjavík
 Gæsileg 4ra herb. á besta stað.

Stærð: 120 fm
 Fjöldi herbergja: 4
 Byggingarár: 2007
 Brunabótamat: 0
 Bílskúr: Nei



BÓKIÐ SKOÐUN

Verð: 37.500.000



Ingólfur Ingvarsson
 Sölufulltrúi
8937806
 ingolfur@remax.is

Örn Gunnarsson
 Sölufulltrúi
861 7757
 og@remax.is

Elisabet Agnarsd.
 Lögg. fasteignasali
 elisabet@remax.is

Mjög góð 4ra herbergja íbúð í þessu vinsæla gróna hverfi. Vel skipulögð 120 fm neðri hæð. Íbúðin er tilbúin til afhendingar á næstu dögum og afhendist fókheld að innan en hitalögn verður komin í gólf. Að utan skilast húsið fullbúið og málað. Garðurinn skilast fullbúinn tyrfður með hellum og sólpalli. Hitalögn verður í plani sem og á hellulögðum svæðum í garðinum. Öll þjónusta og verslun eru í göngufæri. Kjörin eign fyrir þá sem vilja búa miðsvæðis en þó á kyrrlátum staði í nýju húsnæði.

STRÁKSMÝRI 10 OG 12

SKORRADALUR
 Sumarhús með gestahúsi

Stærð: 100 fm
 Fjöldi herbergja: 3-4
 Byggingarár: 2007
 Brunabótamat: 0
 Bílskúr: Nei



GLÆSILEGT ÚTSÝNI

Verð: 25.000.000



Ingólfur Ingvarsson
 Sölufulltrúi
8937806
 ingolfur@remax.is

Örn Gunnarsson
 Sölufulltrúi
861 7757
 og@remax.is

Elisabet Agnarsd.
 Lögg. fasteignasali
 elisabet@remax.is

Til sölu glæsilegt sumarhús, 75 fm + 25 fm ríslöft, ásamt 20 fm gestahúsi, í landi Indriðastaða í Skorradal. Aðeins 60 mínútna akstur frá Reykjavík. Vatnasport, sundlaugar, golf, göngufærðir, hestaleiga, klettaklifur o.fl. Hitaveita á svæðinu. Glæsilegur gólfvöllur í uppbyggingu í göngufæri frá Stráksmýri. Skorradalur er þekktur fyrir fádæma veðursæld og stórfenglega náttúru. Góðir greiðsluskilmálar í boði. Samskonar hús eru einnig til sýnis og sölu, tilbúin til flutnings, að Fitjum 16 á Kjalarnesi

Fjölskyldudagur í dag frá 14–16

☀ Gleði og gaman á Hæðinni

Komdu með alla fjölskylduna til okkar í dag. Njótið þægilegrar stemningar – og kynnið ykkur húsín á Hæðinni. Börnin fá blöðrur og trúður kemur í heimsókn.

☀ Sýningaríbúð

Glæsileg sýningaríbúð í Seinakri, fullbúin húsgögnum frá EGG og gólfefni frá Harðviðarvali.

Ekið inn frá Bæjarbraut.



Hér er gott að búa

Arnarneshæðin er einstaklega vel staðsett á eftirsóttum stað á höfuðborgarsvæðinu. Hverfið er sólríkt og skjólsælt, með gullfallett útsýni til allra átta. Stutt er í alla verslun og þjónustu, fjölmargir skólar eru í næsta nágrenni og ótal frábær íþrótta- og útivistarsvæði innan seilingar.



Evrópska South By Southwest

Tónlistarhátíðin The Great Escape í hippsterabænum Brighton á Englandi er orðin ein af fyrirferðarmestu tónleikahátíðum heims. Réttara væri þó að kalla The Great Escape einhvers konar tónlistarmessu, enda flykkjast á hátíðina aðilar úr öllum geirum tónlistarbransans, allt frá símafyrirtækjum og netbóluforritara til umboðsmanna og útvarpsstjórnenda. *Steinþór Helgi Arnsteinsson* var einn þeirra sem heimsótti hátíðina í ár, ásamt meðal annars íslensku listamönnum Valgeiri Sigurðssyni, Sometime, Oddi Rúnarssyni og Bloodgroup.

Prætt fyrir að The Great Escape sé ekki eldri en þriggja ára eru gárungar strax farnir að kalla hátíðina South By Southwest Evrópu. Ótrúlegt verður reyndar að teljast hversu rótgróin hátíðin er orðin þrátt fyrir aldur sinn. Allt við hátíðina gekk furðulega snurðulaust fyrir sig og hún féll ótrúlega þægilega í hina hlýlegu Brightonborg.

Að hátíðinni standa líka fremur traustir aðilar. Þannig er hátíðin rekin af hinni virtu tónleikastaðakæðu, The Barfly, og meðal aðalstyrktaraðila hátíðarinnar eru töff merki á borð við Levi's, Mojo, X-FM, NME, Uncut og Topman. Einhvern veginn á maður erfitt með að trúá að þegar þessir aðilar koma saman og búa til tónlistarhátíð að eitthvað geti klikkað. Og sú var auðvitað ekki raunin. The Great Escape nær yfir þrjá daga og fer fram í miðborg Brighton. Þannig má að einhverju leyti líkja henni við Iceland Airwaves en stærðin er meiri og staðirnir margfalt fleiri eða rétt á milli 25 og þrjátíu.

Íslendingarnir stóðu sig með þryði

Líkt og fyrri ár voru íslenskir listamenn nokkuð fyrirferðarmiklir. Valgeir Sigurðsson sýndi frábæra takta í kirkju góðtempl-



ara þar sem andrúmsloftið var til jafns fyllt af dramatik og hamingju, Bloodgroup, sem nú virðist ætla að verða næsta stóra „nýja bandið“ frá Íslandi, fór létt með að koma Bretunum í stuð og Sometime var heldur ekki í neinum vandræðum við að fá Tjallana til að dilla sér og stigu þeir villtan dags við ströndina.

Hins vegar kom það bæði mér

og öðrum Íslendingum sem hátíðina sóttu á óvart að sjá hið alíslenska nafn Oddur á dagskrárlistanum. Þegar betur var að gáð reyndist hér á ferð tónlistarmaður að nafni Oddur Rúnarsson sem hefur verið búsettur erlendis til margra ára. Hann hefur hins vegar verið afar virkur tónlistarmaður og var meðal annars óformlegur meðlimur í Manchester-

sveitinni Lamb. Af hverju hefur maður eiginlega ekki heyrt af eða frá þessum manni áður? Hann spilaði einsamall á kassagítarinn og framreiddi einkar persónulega tóna sem var auðvelt að finna sig í og heillast af (kanníð endilega heimasíðu hans, myspace.com/oddurmusic).

MARGAR hljómsveitir

Hljómsveitirnar sem spiluðu á hátíðinni í ár voru vel á þriðja hundrað og spiluðu flestar þeirra tvisvar eða þrisvar eða jafnvel fjórum sinnum. Þess vegna var vægast sagt erfitt að fylgjast með öllu sem manngangi að sjá. Þannig sá ég á mínum fyrstu tónleikum á hátíðinni, snemma á fyrsta deginum, að sveitin sem ég var einna spenntastur fyrir á hátíðinni (Vampire Weekend) hafði klárað að spila fyrir rúmlega hálf tíma. Meðal annarra athyglisverðra nafna á hátíðinni má helst nefna Crystal Castles, Iron and Wine, Ting Tings, A Place to Bury Strangers, Futureheads, Santogold, No Age, Hold Steady, The Black Lips, Okkervil River og Yeasayer. Einna best þótti mér þó frammistaða Bon Iver sem náði hreint út sagt mögnuðu andrúmslofti með sínum tregakennu tönnum. Fær mig að minnsta kosti ekki til þess að kvarta yfir gæðum The Great Escape.



Grand HÁDEGI

Hádegishlaðborð alla virka daga. Grill á góðviðrisdögum.

Þegar vel viðrar er boðið upp á grill og veitingar í suðurgarðinum okkar. Þá er hægt að borða úti og njóta sumarsins. Grillveislur í boði fyrir hópa.

Hlaðborð kr. 2.150.-



Grand HÓTEL REYKJAVÍK

Sigtúni / S. 514 8080 / www.GRAND.is

Auglýsingasími

512 5050

– Mest lesið

Þægindi um land allt

Sumargjöf

Sólarrafhlaða, fortjald og gasgrill fylgir öllum fellihýsum. Tilboðið gildir til 15. júní.

Athugið!

Sólarrafhlaða, fortjald, TV, DVD & Alde gólfhitakerfi fylgir hjólhýsum. Fortjaldatilboð til 15. júní.

Rockwood fellihýsi

Sérstaklega löguð að íslenskum aðstæðum með galvaniseraðri grind, fjöðrum fyrir akstur á erfiðum vegum og upphituðum lúxusdýnum.



Fjöðrun f. ísl. aðstæður



Evrópskar þrýstibremsur



Vatn tengt heitt/kalt



CD spilar/útvarp



Upphituðar lúxusdýnur 12 cm

Polar hjólhýsi

Sérhönnuð fyrir norðlægur slóðir. Evrópskar þrýstibremsur, galvaniserað grind, iDC stöðugleikakerfi og ríkulegur staðalbúnaður.



44mm einangrun



Evrópskar þrýstibremsur



iDC stöðugleikakerfi



Séstakur vinkællir



19" LCD skjár



DVD spilar

Vesturlandsvegur

Nesti

Griðhóls

Fossháls

– Með umferð

Opið allar helgar frá 12-16
á virkum dögum frá 10-18

Útilegumaðurinn er sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, hjólhýsi, fellihýsi, pallhýsi, húsbíla, fylgihlutu og margt fleira.

Fossháls 5-9 • 110 Reykjavík • Sími 551 5600
Fax 551 5601 • www.utilegumadurinn.is



Útilegu maðurinn®

KJARNAFÆÐI

**VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ...
BRAGÐIÐ SEM ÍSLENDINGAR ELSKA**



**GRILL
LEIKURINN**

WWW.KJARNAFAEDI.IS

DREGIÐ ÚT Á BYLGJUNNI

BYLGJAN
989

— ALLIR ERU AÐ HLÚSTA!

**VELDU GÆÐI
VELDU KJARNAFÆÐI**

Allir dansa uppi á borði

Breska ofurskvísan **Kitty Von-Sometime** (öðru nafni Kiki-Ow) þeytir skífum á Organ á laugardagskvöldið en þá verður haldið mikið „næntís“-partí ásamt plötusnúðunum Lauren Flax og JD Samson frá New York. *Anna Margrét Björnsson* tók Kitty í þriðju gráðu yfirheyrslu.

ÞRIÐJA GRÁÐAN

ÞRIÐJA GRÁÐAN: Kitty Von-Sometime

STARFSFERILL Í HNOTSKURN: Ég hef svo mikið að gera að mér mun aldrei leiðast.

FÆÐINGARÁR: 1977, árið sem pönkið stóð sem hæst og geimskutlunni Voyager 2 var skotið á loft.

Ef þú værir ekki plötusnúður, hvað værir þú þá? Ég er hvort eð er að gera fullt af öðrum hlutum en að snúa skífum. Ég er framleiðandi hjá CCP-leikjum, meistarakokkur, listakona og rithöfundur. Ef ég gæti valið eitt draumastarf þá væri það að vakna einn góðan veðurdag með alla þá kunnátta sem þarf til þess að verða geimvísindafraeðingur.

Hvaðan ertu og hvernig endaðir þú á Íslandi? Ég fæddist í enskri sveit í afar fallegu héraði. Ég kom fyrst til Íslands til að skrifa um Airwaves árið 2001 og vaknaði fyrsta daginn með verstu þynnku sem ég hef nokkru sinni upplifað og átti fullt af nýjum vinum. Það var mjög auðvelt í fyrstu að fljúga til London og til baka sem ég gerði ótt og títt en svo varð ódýrara að einfaldlega flytja hingað.

Hvenær varstu hamingjusómust? „Varstu“ er eitthvað í fortíðinni en ég er hamingjusóm núna. Kannski var ég þó hamingjusamari sem saklaus fimm ára stúlka þegar hver dagur færir nýja uppgötvun. En eitt sem stendur upp úr nýlega er þegar ég var að framleiða síðasta þáttinn af Weird Girls. (myspace.com/the weirdgirls). Ég stóð upp í miðjum klíðum og fjarlægðir kanínugrímunna af höfðinu á mér og brosti breitt. Þá var ég á kafi í snjó og sólin skein í heiði. Ég var umkringd nitján stúlkum í spandexgöllum, með kanínugrímu og sveðjur, og þetta var rosalegt.

Ef þú byggir ekki í Reykjavík, hvar myndir þú helst vilja búa? Erfið spurning. Ég er ekki viss. Það eru svo margir staðir sem ég vildi gjarnan eyða þremur mánuðum en ekki búa þar. New York til dæmis. Eini staðurinn í heiminum sem mér dettur í hug að búa á í framtíðinni er Skotland.

Hver er upphaldsflíkin þín? Ég á svona tólf billjónir af upphaldsflíkum, þetta fer allt eftir skapi. Ég er mjög hrifin af samfestingum og ég á marga svoleiðis.

Hvenær og hvernig byrjaðir þú fyrst í tónlistarbransanum? Eg var að skrifa fyrir tónlistartímarit og vefsíðu í London og var stundum að skipuleggja tónleikaferðir fyrir hljómsveitir. Ég byrjaði ekki að þeyta skífum fyrr en hér á Íslandi fyrir nokkrum árum. Mig langaði svo að spila lög, ekki bara einhver stef. Ég fór til dæmis alltaf að hlusta á DJ KGB út af einmitt þeirri ástæðu. Svo hætti hann að spila á tímabili og ég heyrði ekkert nema teknó á börnunum sem ég fór á. Ég elska að DJ-a og fólk tekur alltaf gríðarlega vel í það og dansar brjáláð. Ég spilaði í afmæli um daginn á Dillon og þrátt fyrir að ég væri ekki að spila „þeirra“ tónlist þá voru allir komnir upp á borð að dansa eftir mástund. Þá á ég erfitt með að hætta, ég fæ svo mikið kikk út úr því að yta á play-takkann þegar maður veit að fólk mun æpa af gleði.

Hvaða New York 90's-partí er þetta á laugardaginn? Ég er svo spennit yfir því, ég held að þetta verði besta kvöld sem ég hef spilað á um ævina. JD úr hljómsveitinni Le Tigre kemur til að þeyta skífum með mér ásamt Lauren Flax frá New York. Lauren er góð vinkona mín og um ári eftir að ég byrjaði með 90's-kvöldin hér tóku hún og JD upp á að gera það sama í New York. Við höfum verið að skipuleggja þetta kvöld í langan tíma. Lauren hefur unnið meðal annars með Carl Craig, Jungle Brothers, Green Velvet, Boy George, Miss Kittin, Moby, Scissor Sisters, Klaxons, Peaches og Basement



KITTY VON-SOMETIME Uppáhaldsorðið mitt á íslensku er „kannski“.

Jaxx. Í síðasta mánuði þeytti hún skífum fyrir Madonna. JD fylgdi Peaches í síðustu tónleikaferð og er á plötunni hennar.

Af hverju ertu svona hrifin af 90's-tónlist? Ég og Bibbi Curver vorum alltaf að rifast um hvor áratugurinn væri betri, 80's eða 90's. Ég var alltaf svona eítistelpa en eftir að við byrjuðum að skiptast á tónlist þá komst ég að því að það eru til snildarlög frá síðasta áratug. Svo kom gamla reif-senan aftur í tísku í Bretlandi og við ákváðum að gera eitthvað sem mótvægi.

„Ég fann þetta mix í skýtinni götu í Þýskalandi, er ég ekki svalur af því enginn hefur heyrt þetta áður?“. Við spilum lög sem fólk þekkir og skammast sín stundum fyrir að þekkja. Annars veit ég ekki hvað svara fólkið gerði eiginlega á þessum áratug, ætli það hafi ekki allt verið með broskarl á hnakkunum og stökkvandi upp í loft með sjálflysandi reifþrik.

Hvað með fót frá tíunda áratugnum? Ég geng mikið í þeim, en svona samsett á nýjan hátt. Hönnuðir eins og Imba, sem er íslenskur hönnuður í New York, hafa gert handa mér ýmiss konar samfestinga og svo geng ég mikið í neonlituðum frá Nakta apanum.

Hvert er versta starf sem þú hefur nokkurn tímann gegnt? Ég hef oft verið að þrífa en það var ekki svo slæmt. Versta starfið var rétt áður en ég flutti

hingað. Þá flutti ég aftur í sveitapörpið mitt frá London til að spara pening og þurfti að skrá gögn inn á tölvu í tíu tíma á dag í gluggalausri skrifstofu með ekkert internet. Ég varð næstum því sturluð.

Hvernig tónlist hefur mestu áhrifin á þig og hvaða lag ertu að hlusta á í iPodinum þessa vikuna? Ég hlusta á svo ólíka stíla. Þessa vikuna hlusta ég meðal annars á Siouxsie and the Banshees, Le Tigre, Modest Mouse, The Orb og The Knife.

Er eitthvað sem heldur fyrir þér vöku á nóttunni? Kötturinn minn. Hann nagar á mér tærnar.

Ef þú ættir tímavél, hvert myndir þú fara og af hverju? Ef ég myndi ekki slasast þá myndi ég vilja fara alveg aftur að Stóra hveli og athuga hvort Hawking hafði rétt fyrir sér. Svo myndi ég vilja hitta foreldra mína þegar þau voru átján ára og fá mér kaffibolla með þeim til þess að athuga hvernig þau voru þá.

Áttu þér leynda nautn? Já, CSI-þættina. Ég er yfir mig hrifin af þeim. Ég veit að þeir eru formúlakenndir og hallærislegir en það færir yfir mig innri ró þegar ég horfi á þá.

Hvaða núlifandi manneskju lítur þú mest upp til? Á Íslandi er það nágranninn minn hún Frída og besta vinkona mín Karólína sem kemur mér stöðugt á óvart. Í Englandi eru það auðvitað foreldrar mínir, ekki af

því að mér finnst ég verða að segja það heldur vegna þess að það er satt.

Hvaða núlifandi manneskju hatar þú mest? Það er ömurlegt að hata, það er tilfinning sem nagar mann að innan. Ég hata engan. Bara þoli ekki frekjur og fólk sem gerir öðrum mein.

Hvaða eitt atriði myndi auka lífsgæði þín? Fjölskylda, einhvern daginn. En ákkurat núna væri það meiri tími og jafnvel aðstoðarmanneskja.

Hvaða frasa ofnotar þú? „Heyrðu!“ og svo nota ég alltaf orðið „casual“ yfir allt án þess að vita af hverju.

Hvert er upphaldsorðið þitt á íslensku? Kannski! Það er yndislegt. Sérstaklega ef fólk segir kaaaaanski með þessu hiki. Það er svona stríðni í því.

Hvað er svo á döfinni í sumar? Við erum að safna pening til þess að koma Weird Girls-kerfenu á listahátíð í London. Við verðum með límonaðistand á Austurvelli næsta laugardag og Berglind Ágústsdóttir mun flytja tónlist. Við verðum allar í búningum að sjálfsögðu. Svo verðum við með grill á Q-bar fimmtudaginn 26. júní og ég spila þar fram eftir kvöldi.

Hvaða lag ætti að spila í jarðarförinni þinni? „You Ain't Seen Nothing Yet“ með Bachman Turner Overdrive.

Kitty Von-Sometime spilar á Organ í Hafnarstræti í kvöld frá klukkan 23.30



MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

Allt sem tengist Beðmálum í borginni. Cosmopolitan-kokkteilar, Manolo Blahnik-skór og skvísuleg fót.

Borgarhjólin.

Frábær lausn á hækkanði bensinverði og umhverfisvæn í þökkabót. Hægt að brjóta þau saman og svo kosta þau ekki mikið.



Sumarbústaðarferðir. Að flatmaga í grasinu með límonaði í hönd og hlusta á flugurnar suða.

Airwaves. Við höldum að ballið væri búðið og svo koma stórkostlegar hljómsveitir eins og CSS og Familjen í haust. Snilld.



Prjónaskapur. Allir að mæta í Hallargarðinn og prjóna úti í sólinni. Vistvænt og hressandi.

■ Á niðurleið



Dulirnir á EM. Hver fær ekki bjánahroll þegar Þorsteinn J. rýnir í myndavélina og segir alvarlegri röddu að þetta sé svo sannarlega „karlmennskusport“ því það rétt rignir á eitt liðið í vikunni.

Gallapils og svartar gammúsir undir.

Þessi eitraða samsetning er hreinlega faraldur um þessar mundir í sólinni á Austurvelli og er vægast sagt þúkaleg.



Krepputal. Mikið er þetta orðið leiðinlegt. Á maður ekki að vera jákvæður á sumrin og taka upp neikvætt hjál þegar haustar?

Strákar í skræpöttum neonlituðum hettupeysum. New Rave-lúkkið er algjörlega búði.

Klámfréttir.

Það er eins og vissir pennar fá útrás við að flytja hverja fréttina af fætur annari af barnaníðingum og brjóststækkunum, og auðvitað allt með stafsetningarvillum. Fyrirsagnir eiga ekki að innihalda orðið „túttur“.



Á FERÐALAGI



● 13.-14. júní	Árborg	Árborgarsýning 2008
20.-21. júní	Akureyri	Bylgjan á ferðalagi
27.-28. júní	Egilsstaðir	Bylgjan á ferðalagi
4.-5. júlí	Akranes	Írskir dagar
11.-12. júlí	Vestmannaeyjar	Bylgjan á ferðalagi
18.-19. júlí	Hemmi Gunn og Svansí í útilegu	
25.-26. júlí	Fáskrúðsfjörður	Franskir dagar
1.-2. ágúst	Verslunarmannahelgar-útvarp	
8.-9. ágúst	Dalvík	Fiskidagurinn mikli
15.-16. ágúst	Bolungarvík/Ísafjörður	Ástarvika
22.-23. ágúst	Hella	Landbúnaðarsýning
29.-30. ágúst	Sandgerði	Sandgerðisdagar



BYLGJAN á ferðalagi um landið í sumar

Bylgjan og Olís eru komin í sumarskap og verða á ferðalagi með þér í allt sumar! Það verður öllu tjaldað til og við hefjum leik á föstudagsmorgnum með Kollu og Heimi í bitinu, Ívar tekur við og Rúnar fylgir fast á eftir. Við endum svo daginn með strákunum í Rvík síðdegis. Á laugardögum eru það Hemmi Gunn og Svansí sem skemmta hlustendum auk þess að draga heppinn hlustanda upp úr potti Ævintýraeyju Olís, sem er frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar á www.olis.is.

Við leggjum af stað um næstu helgi og sendum beint út frá stórsýningunni Árborg 2008 á Selfossi.

Vertu með Bylgjunni og Olís í allt sumar – á ferðalagi!

FÖSTUDAGUR:

Í bitið
Ívar Guðmunds
Rúnar Róberts
Reykjavík síðdegis

LAUGARDAGUR:

Hemmi Gunn og Svansí

BYLGJAN
989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!





NÚ Á **2** STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

GRILL & GARÐVÖRUR

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ



9594

HÁPRÝSTIÐÆLA 60 BAR

10.794

HÁPRÝSTIÐÆLA 100 BAR



2495

SLÁTTUORF 200W



19.990

SLÁTTUORF, BENSÍN



1995

STUNGUSKÓFLA

1399

GARÐHRÍFA

1995

GAFFALL

795

STRÁKÚSTUR



11.988

LAUFSUGA

27.995

SLÁTTURVÉL, BENSÍN-1800W



239

GARÐHANSKAR

FRÁ: **119**

VINNUHANSKAR



5900

HEKKKLIPPUR, RAFMAGNS



299

GARÐKLÓRA

299

GARÐSKÓFLA



594

GRASKLIPPUR

828

563

GREINAKLIPPUR

GREINAKLIPPUR - 2 STK.



15.950

SLÁTTURVÉL, RAFMAGNS



359

GRILLKVEIKJARI

479

GRILLBURSTI



1495

GARÐÚÐARI




12.990

GASGRILL



2995

KOLAGRILL



359

GRILLSPAÐI

359

GRILLTÖNG



11.994

SLÖNGUKEFLI



239

GRILLSETT

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16

GÍTARINN

HLJÓÐFÆRAVERSLUN

Stagg

Þjóðlagagítar

Poki, Ól, Stilliflauta,
Auka Strengjasett,
eMedia geisladiskur.

Kr. 14.900

Fáanlegir Litir:
Viðarlitaður,
Sunburst,
Svartur,
Blár.

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125
www.gitarinn.is



STUÐ MILLI STRÍÐA Þvottadregurinn gerir góð kaup

RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR FÆR AÐ KENNA Á TILBOÐUM



Þvottadregurinn er áhugamaður um innkaup. Hann langar alltaf í nýtt og nýtt dót og tekur bæklinga frá bílasölum og raftækjabúðum yfirleitt með sér á salernið til lestrar. Oft er hann ekki fyrir búinn að kaupa sér eitthvað þegar hann langar í nýrri útgáfu af því sama. Eitt af því sem hann á erfitt með að neita sér um eru skór. Hann á tvöfalt fleiri pör af skóm en ég og fáar verslunarferðirnar eru farnar þar sem ekki hefur verið bætt við skósafrnið. Ég hef þvargast yfir þessu og bent á að hann gæti til dæmis keypt eitthvað á mig í staðinn. Eins og falleg nærföt eins og margir eiginmenn gera víst.

Hann má þó eiga það að í þessum áhuga á verslun finnst honum gaman að leita uppi tilboð og er sérstaklega hagsýnn í innkaupum fyrir heimilið.

Fyrir stuttu fann ég svo þvottadreginn á eldhúsgólfinu innan um tugi Hagkaupspoka. Hann hafði komist á hressilega útsölu og tekist á við aðra viðskiptavinum um síðustu bitana. Hafði meðal annars slegist við fólk í búðinni til að fá lausa innkaupakerru. Upphaflega ætlaði hann bara að kaupa helstu nauðsynjar á góðu verði en á ferð sinni um búðina hljóp í hann kapp. Ferðin endaði því á margra metra löngum innkaupastrimli og upphæðin slagði hátt á annan tug þúsunda. Nú voru allar búrhirslur fullar og ekk-

ert skorti í kotinu. Ég var ánægð með minn mann en undraðist af hverju hann sat á gólfinu með hendur fyrir aftan bak. Þá sá ég sá glittra í eitthvað glansandi. Þvottadregurinn sat við að oliubera glænýja takkaskó.

Ég brást hin versta við. Skammadist yfir enn einu skóparinu og sagði að nær hefði verið að horfa í aurinn í kreppunni og þar fram eftir götunum.

Hann kippti sér ekkert upp við hamaganginn í mér en til að friða mig sagðist hann loksins hafa splest á mig nærfötum. Við það sljákkaði aðeins í mér þangað til hann sagði mér hróðugur að þau hefðu verið á svo góðu verði. Hann henti til mín pakka af Sloggy, þremur í pakka.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




www.gras.is
ÞAR, SEM ALLT SNÝST UM
FOTBOLTA

Nýtt! Gras.is beint á skjáborðið þitt!
Gras.is hefur sett upp vefþjónustu (Gagdet) sem tengir þig beint við fréttirnar, án þess að þurfa opna vafrann þinn!

Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki

TÖKUM ÖLL ÞÁTT

ÍPRÓTTASUMARIÐ 2008

BLÖÐRUR OG RELLUR
FYRIR 17. JÚNÍ

KÖRFUBOLTI
Kr. 4.180

FÓTBOLTI

Verð frá
Kr. 1.480

SNÚNINGSTENNIS
Kr. 6.880

BOGFIMI
Kr. 3.280

GOLF
Kr. 2.280

VATNSBYSSUR
Verð frá
Kr. 350

LITABOLTAR

Verð frá
Kr. 690

NÝR OPNUNARTÍMI

MÁN - FÖS: 11 - 18
LAU - SUN: 12 - 18

50% AFSLÁTTUR
ALLAR HELGAR

JUST 4
KIDS

JUST 4
KIDS
express

VIÐ BRÚNA HJÁ IKEA

FAXAFENI

NÝTT SÍMANÚMER: 562 3400

Ilmandi gjörningur Andreu

Kl. 15

Kristjana Rós Oddsóttir Guðjohnsen opnar sýningu sína *Nammibúðina í Auga fyrir Auga gallerí á Hverfisgötu 35 í dag kl. 15. Á sýningunni verður Kristjana Rós með innsetningu sem samanstendur af málverkum og skúlpúrum. Kristjana Rós lauk námi úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2006 og er þetta hennar fyrsta einkasýning eftir útskrift.*

Ilmvaatssýning Andreu Maack í Gallerí Ágúst hefur vart farið fram hjá myndlistaráhuga-fólki í höfuðborginni, enda velilmandi myndlist með eindæmum. Sýningin, sem er fyrsta einkasýning Andreu, ber hið smellna nafna Smart og hefur vakið mikla athygli hérlandis sem erlendis, en sýningin var hluti af dagskrá hinnar nýafstöðnu Listahátíðar í Reykjavík.

Á sýningunni gefur að líta og upplifa ilm sem listamaðurinn vann í samstarfi við ilmvaatnsframleiðanda í Grasse, ásamt einni stórrí útprentaðri blýants-teikningu sem bútuð hefur verið niður í hvorki meira né minna en 252 bita sem hanga uppi á vegg. Gestum sýningarinnar hefur gefist kostur á að velja sér hluta



SMART Ilmvaatn Andreu Maack sem hnusa má af í Gallerí Ágústi.

úr teikningunni með ilminum á til að taka með sér heim, í anda þeirrar hefðar að fá sér ilmvaatnsprufur í snyrtivöruverslunum. Er óhætt að segja að sýningargestir hafi óspart nýtt sér þennan möguleika, enda ekki á hverjum degi sem tækifæri gefst til þess að fá að hafa listaverk með sér heim af sýningum. Nú er svo komið að fyrsta upplagið af tveimur af teikningunni kláraðist nýverið og verður af því tilefni seinna upplag verksins vígt í dag kl. 14 og mun listamaðurinn endur-

taka „perfumance“ - gjörning sem upphaflega var framinn á opnun sýningarinnar um miðjan síðasta mánuð.

Gallerí Ágúst er til húsa að Baldursgötu 12. - vþ

> Ekki missa af ...

sýningu fjöllistahópsins SkyrLeeBob í Skaffelli á Seyðisfirði. Að SkyrLeeBob standa þau Erna Ómarsdóttir, Guðni Gunnarsson og Lieven Dousselaere. Síðasti sýningardagur er á morgun, en sýningin hefur vakið talsverða athygli Seyðfirðinga og gesta. Fyrir utan Skaffell standa jafnframt þrjú verk eftir Pétur K.

menning

menning@frettabladid.is

Ljósmyndir skáldsins

„Síðbúin sýn - Ljósmyndir úr fótum Nóbelsverðlaunahafans og heimsborgarans Halldórs Laxness“ er yfirskrift sýningar sem opnuð verður í Þjóðmenningarhúsinu á Þjóðhátíðardaginn næstkomandi þriðjudag kl. 13. Á sýningunni má sjá ljósmyndir sem Halldór Laxness tók á ferðum sínum innanlands og utan og heima á Gljúfrazsteini. Myndefnið er samferðafólk hans, bæði fjölskylda og vinir, og sviptomdir af fólki og umhverfi þess á ýmsum slóðum. Segja má að ljósmyndirnar séu tækifærismyndir ferðalangans, eiginmannsins, fjölskylduföðurins og vinarins Halldórs Laxness.

Skáldsögur Halldórs Laxness hafa verið þýddar á fjölmörg tungumál og árið 1955 veitti sænska akademían honum Nóbelsverðlaun í bókmenntum fyrir „litríkan sagnaskáldskap, sem endurnýjað hefði stórbrotna íslenska frásagnarlist“, eins og sagði í ummælum dómnefndar á



AUÐUR Á GLJÚFRASTEINI Mynd frá því um 1950.

sínum tíma. Halldór lifði næstum alla 20. öldina frá enda til enda, hann var alþjóðleg skáld og hagsjónamaður og virkur þátttakandi í hagsjónabaráttu liðinnar aldar. Verk hans tóku þannig á málefnum sem voru efst á baugi hjá stóru rithöfundum viðburðaríkrar aldarinnar.

Sýningin verður í Þjóðmenningarhúsinu fram í febrúar á næsta ári, en hún var fyrst sett upp í þýsku borginni Köln í fyrra. - vþ

Ómælanleg náttúrufegurð

Myndlistarkonan Rúrí er höfundur sýningarinnar *Sökkvun* sem nú stendur yfir í StartArt-listamannahúsi á Laugavegi. Rúrí er þjóðinni vel kunn fyrir verk sín sem oft má finna á óvæntum stöðum í umhverfinu, en á *Sökkvun* er viðfangsefni hennar náttúran og nýting okkar á henni.

Sýningin opnaði um miðjan síðasta mánuð og er hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. Títilverk sýningarinnar er myndbandsinnsetning í stærsta sal sýningarrýmisins; myndskreiði er varpað á vegg og á skjám sem komið hefur verið fyrir í rýminu má sjá sviptomdir af gæsaheirðum og textabrot. Í tveimur minni sölum má svo sjá ljósmyndir og skúlpúr.

„Það er sleginn sami grunntónn í þessum verkum; þau snerta öll á tengslum mannsins við jörðina og umhverfi sitt, en á ólíkan hátt þó,“ segir Rúrí. „Ljósmyndirnar og myndbandsverkin tengjast nýtingu okkar á vatnsauðlindum, en þriðja verkið er það fyrsta af nýjum verkum sem ég er að vinna að sem kallast *Tilvistarleg*. Verkið fjallar um þau efnahagslegu gildi sem virðast hafa sérstöðu í nútímanum og sýnir okkur því nokkrar tegundir efna sem hafa mikið vægi í efnahagslífinu: svartolíu, mais, vatn og loft.“

Í títilverkinu *Sökkvun* má sjá myndskreiði af náttúrulegu umhverfi sem nú er horfið sjónum. „Verkið er allt tekið á svæðinu í kringum Kárahnjúka fyrir nokkrum árum. Myndskreiðið sýnir hvernig lónið stækkar smám saman og drekkir umhverfinu, fegurðinni og hreiðrum gæsanna. Það voru mörg hundruð hreiður sem fóru undir lónið. Þegar maður verður vitni að þessari atburðarás vekur það upp spurninguna: höfum við heimild til þess að taka



HORFIN NÁTTÚRA Rúrí í innsetningunni *Sökkvun*.

FRÉTTAÐIÐ/GVA



AUÐLINDIR *Tilvistarleg* inniheldur hráefni sem eru manninum dýrmæt.

FRÉTTAÐIÐ/GVA

svona yfir náttúrana og breyta henni? Það hefur tekið jörðina órtíð að finna vatninu sínu farveg og við ætlum að breyta því á örskotsstundu. Mannkynið virðist sífellt vilja sigra náttúrana, en það er ekki til neinn sigur gagnvart jörðinni; það eina sem við getum sigrað erum við sjálf með því að finna eitthvert gullið jafnvægi með umhverfi okkar. Það er eini sigurinn sem er raunhæfur.“

Myndin sem sýning Rúriar dregur upp af sambýli mannsins við náttúrana er því bæði átakanleg og erfið, en fegurðin er þó aldrei langt undan. „Sökkvun sýnir fyrst og fremst fegurðina í náttúrinni; þetta er fegurð sem ekki er hægt að verðleggja eða mæla á nokkurn hátt.“

Sökkvun stendur yfir í StartArt-listamannahúsi, Laugavegi 12b, til 30. júní. vigdis@frettabladid.is

Með eigin augum

Áhugaverð ljósmyndasýning opnar í Café Karólínu, Kaupvangsstræti 23 á Akureyri, í dag. Sýningin nefnist „Með eigin augum“ og á henni má sjá ljósmyndir af daglegu lífi í Íran eftir listamanninn Arnar Ómarsson.

Arnar er búsettur í Freyjulundi í Eyjafirði. Hann er nemandi í Dieter Roth-akademíunni og er á leið í ljósmyndanámm til London í haust, en hann hefur í gegnum tíðina starfað sem ljósmyndari fyrir dagblöð. Hann segir um verkin sem hann sýnir á Café Karólínu: „Þessi sýning er tilraun til að sýna daglegt líf í Íran með mannlífsmyndum. Allar mynd-



DAGLEGT LÍF Ein af ljósmyndum Arnars. Irnar eru frá ferð um Íran á síðasta ári.
Sýning Arnars stendur til 4. júlí. - vþ

Tónleikar á Sólheimum

Tónlistarmennirnir ástsælu Páll Óskar og Monika haldal tónleika í dag kl. 14 í Sólheimakirkju þar sem þau munu flytja áhorfendum hugljúfa tóna.

Söngvarinn Páll Óskar og hörpu-leikarinn Monika hófu samstarf sitt árið 2001 og var fyrsta afurð þeirra geislaflan „Ef ég sofna ekki í nótt“ sem hlaut frábærar viðtökur bæði gagnrýnenda og almennings. Tveimur árum síðar sendu þau svo frá sér jólaflötuna „Ljósín heima“. Þau hafa flutt tónlist við ýmis tækifæri hérlandis sem erlendis og hvarvetna hlotið lof fyrir glæsilegan og ljúfan flutning.

Tónlistarunnendur gætu sannarlega gert margt vitlausara við daginn en að bregða sér í Sólheimakirkju og hlusta á fagra tóna



PÁLL ÓSKAR OG MONIKA Koma fram á tónleikum í Sólheimakirkju í dag.

þeirra Páls Óskars og Moniku. Aðgangur að tónleikumum er ókeypis og eru allir velkomnir. - vþ

Tilraunir eða myndlist utandyra

Listasafn Reykjavíkur stendur að vanda fyrir skemmtilegum uppákomum nú um helgina. Tilraunastofa fyrir börn og fulloröna verður starfrækt í Hafnarhúsinu á morgun á milli kl. 14 og 16, en boðið var upp á slíka tilraunastofu um síðustu helgi með fádæma góðri aðsókn þar sem um sextíu börn komu saman og fengu útrás fyrir vísindamanninn í sér. Tilraunastofan er unnin í samvinnu við Hugmyndasmiðjuna og Myndlistaskólann í Reykjavík og er sett upp í tengslum við sýninguna *Tilraunamaræþon* sem nú stendur yfir í Hafnarhúsinu. Börn og fjölskyldur þeirra fá tækifæri á tilraunastofunni til að vinna saman í tilraunaumhverfi þar sem hugmyndafluginu er gefinn laus taumur innan um óvenjulega hluti sem hvetja til leiks og sköpunar.

Fyrir þá sem heldur vilja eyða deginum utandyra mætti stinga upp á því að heimsækja Viðey og njóta þar náttúrufegurðarinnar, en auk þess er þar hægt að skoða listaverk eftir heimskunna listamenn eins og Áfanga eftir Richard Serra og Friðarsúlu Yoko Ono. Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, mun á morgun segja gestum eyjarinnar frá hinni síðarnefnda; tilurð Friðarsúlunnar sem Yoko lét reisa í Viðey á síðasta ári og gildi hennar



VIÐEY Kyrrð og ró, rétt utan við skarkala borgarinnar.

fyrir borgina í norðrinu. Leiðsögn Hafþórs hefst við Viðeyjarstofu kl. 14.30 og eru allir velkomnir. - vþ

Danshljómsveit
Friðjóns Jóhannssonar
í kvöld

Stór og fjölbreyttur sérreittamatseðill öll kvöld vikunnar



Nýtt glæsilegt leikár hefst í haust.
Fylgstu vel með | **Borgarleikhúsið**

> TÍSKUFRETTIR VIKUNNAR

Feðgin saman í auglýsingu Leikstjórinn Francis Ford Coppola og dóttir hans Sofia eru stjórnur nýrrar auglýsingaherferðar fyrir lúxusmerkið Louis Vuitton. Herferðin er mynduð af Annie Leibovitz, sem er þekkt meðal annars fyrir starf sitt við tímaritið Vanity Fair, og er öll tekin í Argentínu. Feðginin eru stödd í Buenos Aires við tókur á nýjustu kvikmynd Francis Ford. Í auglýsingunni situr hann og spjallar við dóttur sína um kvikmyndina og segir: „Ferðalag hefst alltaf með fallegri sögu.“



stíll

utlit@frettabladid.is



Hippalegan sumarkjól sem er flottur við opna skó eða yfir gallabuxur. Hann fæst í Companys í Kringslunni.



Megaháa hæla frá hinni dönsku Malene Birger. Steinarin gera þá ómótstæðilega. Skórnir fást í Kultur.



Nýjasta Burberry-ilminn, the beat eau de parfum. Hann er sætur, ferskur og ilmar af sumri. Er það ekki við hæfi núna?



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
Anna Margrét Björnsson

Stígvélakrísan mikla

Ég var að gramsa í skúffum um daginn og rakst á mynd af sjálfri mér fyrir sirka fimmtán árum og furðaði mig á því hversu lítið fötin höfðu breyst í reynd. Þarna var ég í beinum 501 gallabuxum, hvítum bol og svörtum jakka með sama síða hárið. Ekki mjög frumlegt. En þegar myndin er skoðuð nánar er augljóst að það er hægt að setja ártöl á gallabuxnasnið og skóna sem fólk klæddist við gallabuxurnar hverju sinni. Ef maður er í röngum buxum og röngum skóm á maður á hættu að verða gífurlega „passé“ eins og þeir segja. Fyrir fimmtán árum voru lágbotna og jafnvel uppreimuð stígvél í tísku og mestu gellurnar voru í kúrekastígvélum. Eftir þetta tímabil tóku svo „boot-cut“ gallabuxurnar við af Levis 501 og flestar stúlkur klæddust þeim við háhæluð stígvél og skó undir skálmunum. En viti menn, svo komu niðröngu „skinny“-buxurnar og þá tóku Kate Moss og einhverjar fleiri upp á því að hafa hælástígvélina utan yfir skálmunum á buxunum, tíska sem hefur verið næstum ódrepanði undanfarin ár. Síðastliðinn vetur fannst mér þetta farið að verða púkö og þreytt og reyndi að leysa málið með því að fara í ökklastígvél við buxurnar, en háu stígvélin voru þó alltaf freistandi lausn. Nýleg grein í breska dagblaðinu The Guardian líkir þessari stígvélakrísu kvenna um hvort stígvél yfir gallabuxum séu enn fýsilegur kostur við alþjóðlegar krísur. Í stað Watergate erum við kvenfólkið með stígvélagate. En dómurinn hefur verið kveðinn upp: stígvél yfir gallabuxur eru búin að vera. Þessa niðurstöðu á þó að taka með ákveðnum fyrirvara, það er leyfilegt til dæmis að vera í þröngum, snjádum og rokkaralegum gallabuxum við dálítið við, sjúskuð og flatbotna stígvél. En háhæluðu bling-bling stígvélin við þröngu skvísugallabuxurnar þykir vera yfirmáta hallærislegt lúkk sem aðeins fótboltaeiginkonur og evrótrasjið láta sér lynda. Það er nefnilega aldrei nein afsökun fyrir því að líta út eins og fótboltaeiginkona, jafnvel þó það sé EM. Punkturinn er: horfðu frekar til skótísku Kate Moss heldur en hennar Coleen McLoughlan. En í hverju eigum við þá allar að vera við gallabuxurnar? Nú ökklastígvélin eru alltaf ágætis kostur ef maður verður að vera í stígvélum á annað borð en það lúkk er óneitanlega dálítið 2007. Ég held að sterkasti leikurinn sé að vera í strákalegum rokkstígvélum sem ná aðeins upp á ökkla undir þröngu gallabuxunum. En nú er sólin komin hátt á loft og því um að gera að nota sæta ballerínuskó í öllum regnbogans litum eða þá himinháa hæla. Svo eru þeir alltaf að spá því að þröngar gallabuxur séu algjörlega á leiðinni út þannig að þá tekur önnur krísa við ...



LOGAGYLLT
Flottur kjóll hjá Julien McDonald.

HERKLÆÐI?
Stuttur kjóll þakinn pallíettum hjá Christopher Kane.



GUÐDÓM-LEGUR
Stórglæsilegur síkjóll frá Christopher Kane.

KRISTALLAR OG ÚTSAUMUR HJÁ ENSKUM HÖNNUÐUM FYRIR NÆSTA HAUST

SKÍNANDI PALLÍETTUR

Klæðin voru vægast sagt glæsileg hjá hönnuðum eins og Christopher Kane og Julien McDonald fyrir haust og vetur 2008. Flíkur voru alsettar pallíettum í ríkulegum gylltum tónum sem sumstaðar minntu á brynjur musterisriddara eða grískar fornhetjur. Einnig má draga þá ályktun að hönnuðirnir hafi sótt innblástur til Barbarellu-myndar Rogers Vadims þar sem Jane Fonda klæddist ekki óþekktum búningum.

- amb

kammakarlarlo®
c o p e n h a g e n

Tilboðsdagar

Bæjarlind 12 :: Kópavogi :: Sími 554-5410



KÓNGABLÁTT
Fallegur fleginn pallíettukjóll frá Giles.



TÖFF Rokkaralegur pallíettukjóll frá Christopher Kane.



DRAUGUR Á FERÐ? Skemmtilegur hvítur kjóll frá Giles.



Úrslit í hönnunarkeppni í Smáralind kl. 15:00 í dag

Úrslit í hönnunarkeppni verða kynnt fyrir utan Hagkaup í Smáralind kl. 15:00 í dag.
Kynnir er Erpur Eyvindarson.

Markmiðið með keppninni er að styðja við bakið á íslenskum fatahönnuðum og gera þeim kleift að koma vörum sínum á framfæri.

Eftirtaldir hönnuðir hafa verið valdir í undanúrslit og munu þeir sýna verk sín á tískusýningu í Smáralind:

- Gerður Erla Tómasdóttir
- Elma Backman
- Nicole Nicolaus
- Fjóla Ósland Hermansdóttir
- Aðalheiður Dóra Þórólfsdóttir
- Ásta Rakel Hafsteinsdóttir

Veitt verða tvö verðlaun:

Verðlaun fyrir dömulinu	200.000
Verðlaun fyrir barnalínu	200.000

Dómnefnd skipa:

Formaður

Steinunn Sigurðardóttir, fatahönnuður

Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor í vöruhönnun við LHÍ
Sigríður Gröndal, innkaupastjóri sérvöru Hagkaupa
Herdís Hrönn Árnadóttir, fatahönnuður hjá Hagkaupum
Ásta Sigurðardóttir, stílisti

Framkvæmdastjóri keppinnar er **Olga Gunnarsdóttir**, fatahönnuður hjá Hagkaupum.

Hagkaup þakka fyrir góðar viðtökur og óskar þeim sem komust í úrslit til hamingju.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Boot cAMP

SUMARTILBOÐ BOOT CAMP 25.000kr.-



Njóttu sumarsins til hins ýtrasta á sama tíma og þú kemur þér í dúndurform. Þú munt taka fjölbreyttar æfingar, jafnt innan dyra sem utan, þar sem þú upplifir aldrei sömu æfinguna tvisvar.

Ekki láta þér leiðast í sumar.

Taktu sumarið alla leið og gerðu eitthvað af viti!

Sumartilboð Boot Camp gildir á öll námskeið sumarsins (16.júní - 6. september).

BOOT CAMP OUTSIDERS



Fjölbreyttar útiæfingar víðs vegar um Reykjavík. Njóttu blíðunnar og æfðu utandyra í sumar

BOOT CAMP HELL WEEKEND 2008



30 einstaklingar tóku þátt á síðasta ári. Navy SEALs þjálfararnir mæta aftur til leiks núna í júlí og er enn erfiðari helgi framundan fyrir þá Íslendinga sem þora. Ert þú ein/n af þeim?

**Ný Boot Camp námskeið hefjast um land allt
mánudaginn 16. júní.**

**Kynntu þér málið og skráðu þig á
www.bootcamp.is**

ENGAR AFSAKANIR! - ENGIN UPPGJÖF! - HÁMARKS ÁRANGUR!

EM-helgi í Útilíf

ÍSLENSKA SÍJA.IS ÚTTI 42714 06-2008

20%

afsláttur af fótboldavörum

Fótboldaskór - Fótboldar - Legghlífar - Markmannshanskar



HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

Fáðu ferskar íþróttufréttir á hverjum morgni



Fréttablaðið stendur vaktina á hverju kvöldi – líka á laugardögum. Þannig færum við þér nýjustu úrslitin og staðgóða umfjöllun á morgunverðarborðið hvern einasta morgun.*

*Sunnudagsútgáfa *Morgunblaðsins* er prentuð á laugardegi áður en íþróttáúrlit dagsins liggja fyrir og 24 stundir koma hvorki út á sunnudögum né mánudögum. Auk þess fara 24 stundir í prentun aðra daga áður en íþróttaleikjum kvöldsins er lokið.

Fréttablaðið er eina dagblaðið sem færir þér ferskar íþróttufréttir alla morgna vikunnar, líka á sunnudögum.

Allt sem þú þarft – alla daga





Öll mörkin í Landsbankadeildinni

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Boltavakt *visir.is* og Fréttablaðsins er á öllum leikjum sumarsins í Landsbankadeild karla. Öll mörk, spjöld og helstu atriði leikjanna eru í beinni textalýsingu. *Visir.is* er öflug frétt- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja *visir.is*.

visir.is
...ég sá það á visir.is



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.25

Music and Lyrics

Hugljúf og rómantísk gamanmynd með Hugh Grant í aðalhlutverki. Alex Fisher er útbrunninn tónlistarmaður sem var upp á sitt besta á níunda áratugnum. Hann fær nú aftur tækifæri þegar honum býðst að semja lag fyrir skæra poppstjörnu. Textagerð er þó ekki hans sterka hlið en hann verður svo lánsamur að kynnst Sophie Fisher sem er ung og hæfileikarík stúlka sem reynist vera skáld.



▶ VIÐ MÆLUM MED

EM í fótbolta BEINT

Sjónvarpið kl. 16.00 og 18.45

Fyrri leikur dagsins er Svíþjóð - Spánn en sá seinni er Grikkland - Rússland. Þorsteinn J. stjórnar upphitun fyrir hvern leik en einnig verður samantekt úr leikjum dagsins kl. 23.00.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
08.05 Út um víðan völl
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Mánafjöll
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Krossgötur
14.00 Umhverfis jörðina
15.00 Tímakorn
15.40 Með laugardagskaffinu

16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Hvað á að gera við stelpuna?
17.05 Brjóstdropar
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Betri stofan
18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Bravó, bravó!
20.00 Sögur af sjó og landi
21.00 Látún
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Loki er minn Guð: Um skáldskap Guðbergs Bergssonar
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

15.00 Hollyoaks Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

15.25 Hollyoaks

15.50 Hollyoaks

16.15 Hollyoaks

16.40 Hollyoaks

17.05 Talk Show With Spike Feresten (14:22) Spike Feresten fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood þar sem taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki ansi langt úti.

19.30 Comedy Inc. (19:22)

▶ 20.00 So You Think You Can Dance 2 (e) Dansinn hefst á ný 23. júní á Stöð 2. Af því tilefni rifjum við upp danstaktana hjá þáttakendum úr seríu 2. Dómaramír ferðast víða um Bandaríkin í leit af bestu dönsurum landsins en aðeins þeir 50 bestu fá að fara til Hollywood.

20.50 So You Think You Can Dance 2

21.40 Entourage (10:20) Raunalegt framapöt Vincents og félagar í Hollywood heldur áfram en leiðin á toppinn er bæði skrykkjótt og brött.

22.10 The Class (10:19)

22.40 Talk Show With Spike Feresten (14:22)

23.10 Comedy Inc. (19:22)

23.35 So You Think You Can Dance 2

00.25 So You Think You Can Dance 2

01.15 Entourage (10:20)

01.40 The Class (10:19)

02.05 Tónlistarmyndbönd frá Skifan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link 11.00 Ballykissangel 12.00 Ballykissangel 13.00 Ballykissangel 14.00 Ballykissangel 15.00 Ballykissangel 16.00 Ballykissangel 17.00 Doctor Who 17.45 Doctor Who Confidential 18.00 Doctor Who 18.45 Doctor Who Confidential 19.00 The Murder Room 20.30 The League of Gentlemen 21.00 The League of Gentlemen 21.30 The League of Gentlemen 22.00 Doctor Who 22.45 Doctor Who Confidential 23.00 Doctor Who 23.45 Doctor Who Confidential 0.00 The Murder Room

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Boogie Listen 11.10 Naturens dyrebørn 12.00 Truslen fra dybet 12.40 Miss Marple: Invitation til mord 13.35 14 børn - og gravid igen 14.20 Det lille hus på prærien 15.10 Før søndagen 15.20 Held og Lotto 15.30 Dragen 16.00 Blåndt vilde dyr og Bleskift 16.30 TV Avisen med vejret 16.55 SportNyt 17.10 Ganges - livets flod 18.00 Walter og Carlo - op på fars hat 19.30 Kriminalkommissær Barnaby 21.00 Dronning Dolly Parton 21.30 Speedway: Danmarks Grand Prix

NRK1

8.25 Kunnskapskanalen 2008 9.25 Med fjærpynt i skapet 10.20 Bollywood-film: Munna Bhai 12.55 Motorsport: STCC 13.40 En musikalsk norgesreise 14.35 Drømmerollen 15.35 Perspektiv: Og nå: Reklame! 16.00 Barnas supershow 16.30 Fabrikken 17.00 Lørdagsrevyen 17.45 Lotto-trekning 17.55 Hvilket liv? 18.25 Edel vare 19.25 Sjukehuset i Aidsensfield 20.15 Louis Theroux under kniven 21.15 Kveldsnytt 21.35 Skyldig på mistanke 23.15 P3tv spesial 23.40 Danseot jukeboks med chat

SVT 1

9.00 Karamelli 9.30 Fieteri 10.10 Plus sommar 10.40 Packat & klart sommar 11.10 Venedig, den sjunkande staden 12.05 Loreena McKennitt: Nätter i Alhambra 13.00 Uppdrag Granskning 14.00 Tre kärtekar 15.00 Kören - Killar sjunger inte 16.00 Bolibompa 16.05 Bolibompa 17.00 Bröderna Lejonhjärta 17.30 Rapport 17.45 Sportnytt 18.00 Minnenas television 19.00 Kriminaljouren 20.30 The Hidden 22.05 Rapport 22.10 Rose och Maloney 23.00 Sändningar från SVT24



SKELLTU ÞÉR
Í LAUGARNAR
EFTIR LEIKINN

Laugarnar í Reykjavík



www.itr.is | sími 411 5000



AFSLÁTTUR
50%
AFSLÁTTUR

Kertastjaki í kringum sóhlíf
Fyrir 6 sprittkerti 520461
áður 1.990,- **nú 990,-**



Madrid 5 stk.
verð aðeins
49.900.-

Madrid garðsett 5 stk
Samanstendur af borði sem er 120 sm
í þvermál og fjórum stólum
532167 49.900,-
Madrid stóll
532198 9.900,-
Madrid borð með glerplötu 120 sm
532174 19.900,-
Pú sparar 9.600,-

NÝTT HÍÁ PIER
NÝTT
NÝTT HÍÁ PIER



AFSLÁTTUR
50%
AFSLÁTTUR

Órói
L 62 sm
561921
áður 990,- **nú 490.-**



Lautarkarfa fyrir fjóra
Inniheldur vínglós, diska, skálar, hnífapör,
servíettur, tappatögara og salt og piparstauka
533935
áður 5.990,- **nú 3.990.-**

AFSLÁTTUR
30%
AFSLÁTTUR



25%
afsláttur af kertum
alla helgina

A WORLD OF INSPIRATION
the
PIER
FOR YOUR HOME

AFSLÁTTUR
50%
AFSLÁTTUR

Garðskraut fiðrildi eða drekaflugla
H68sm 489836
áður 990,- **nú 490,-**

the
PIER

gleðjumst í sumar

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / mánudaga til föstudaga 11:00 til 19:00 / laugardaga 10:00 til 18:00 / sunnudaga 12:00 til 18:00



BAKÞANKAR
Guðmundar
Steingrímssonar

Bölið

Nú þegar ég er í útlöndum, á Flándri – ekki nokkrum manni til gagns – tók ég upp á því í vikunni, eins og gengur og gerist, að hringja heim og leita fréttar. Reyndar var ég orðinn nokkuð undrandi á því að hafa ekki fengið hringingu að heiman frá nokkrum manni, eftir ríflega tíu daga ferðalag. Hefðin er nefnilega, svona að sumarlagi, að allir Íslendingar fá tiltekið símtal að heiman – þegar þeir eru í útlöndum – hvers markmið er aðeins eitt: Að spyrja hvernig veðrið er í útlöndum og koma því svo á framfæri, lymskulega en hnitmiðað, að veðrið sé mjög gott heima.

EFTIR svoleiðis símtöl er það án efa von – ómeðvituð eða meðvituð – þeirra sem heima sitja að flandursfólkið fái sektarkennnd. Hvaða vitleysa er það að æða svona til útlanda að sumarlagi, þegar sólin skín á Fróni, þá sjaldan? Þú ert að missa af sumrinu, góði.

EN HVAD um það. Mér var sem sagt farið að líða einkennilega þegar ég áttaði mig á því að ég hafði ekki fengið þetta símtal. Þannig að ég ákvað að hringja sjálfur heim. Og það var eins og mig grunaði. Það var ekki allt með felldu. „Hvað er að fréttar hér spyrðu,“ sagði viðmælandi minn og andvarpaði. „Ekki nokkur skapaður hlutur. Menn eru bara vissari um það en áður að allt sé að fara til fjandans í efnahagsmálunum.“

ÞAD var og. Þetta vissi ég auðvitað. Efnahagsmálin eru ofarlega á baugi. Væntanlega hefur það heldur ekki orðið til að minnka bölmóðinn að sjálfur Steve Jobs skyldi kynna útbreiðslu nýja 3G iPhone símans frá Apple með landakorti af heiminum, nú í vikunni, þar sem Ísland var ekki einu sinni á kortinu. Í huga þessa mikla uppfinningamanns erum við ekki til.

Ó, BRÓÐIR! Hvert hefur orðið okkar starf? Í nokkrum samtölum við Bandaríkjamenn – en hér er allt að fara til fjandans líka – hef ég reynt að bera höfuðið hátt og haldið því fram að þessi efnahagsvanddræði séu bara tímabundinn bylur sem Íslendingar muni standa af sér. Þeir muni bara leita sér menntunar rétt á meðan og koma svo filefldir til baka.

SJÁLFSAGT er margt til í því. En ég held samt að bölið fari okkur líka ágætlega. Að bölvu er okkar leið í niðursveiflum. Þannig tókum við þetta. Andskotans djöfulsins. Svo gengur þetta yfir, þetta helvíti.

Úti í garði



DISKRET blómapottur ýmsar tegundir.
Svart eða ljósgrátt.
Innanmál Ø32 cm. **1.590,-**
Innanmál Ø41 cm. **2.890,-**



KAKAO blómapottur hvítt/brúnt.
Innanmál Ø15, H14 cm. **395,-**
Innanmál Ø19, H17 cm. **495,-**



495,-
BJURÖN blómapottur, gegnheill akasiuviður.
L24xB13, H11 cm.



BILLIG blómapottur, hvítt.
Innanmál Ø9, H9 cm. **50,-**



AGEN körfur, hvítt
L19xB19, H15 cm. **295,-**
L24xB24, H20 cm. **495,-**
L30xB230, H24 cm. **895,-**



IKEA PS VÁLLÖ garðkönnur, svart eða hvítt. 1,2l. **195,-/stk.**



HUSÖN blómapottur, galvaníserað, ryðfrítt stál.
Innanmál Ø44, H41 cm. **3.490,-**



HUSÖN blómapottur, galvaníserað, ryðfrítt stál.
Innanmál Ø44, H41 cm. **3.490,-**



BRANÄS körfur, bast.
L23xB25, H23 cm. **895,-**
L32xB35, H32 cm. **1.290,-**



MYNTA blómapottur, hangandi, rauðbrúnt.
Innanmál Ø21, H15,5 cm. **1.490,-**
Innanmál Ø32, H21,5 cm. **2.490,-**



MYNTA blómapottur, hangandi, rauðbrúnt.
Innanmál Ø21, H15,5 cm. **1.490,-**
Innanmál Ø32, H21,5 cm. **2.490,-**



BASTANT karfa m/handföngum, bast. L55xB30, H23 cm. **1.490,-**



195,-/stk.
VILDBÄR úðabrusar, ýmsir litir. 0,5l.



PROFIL blómapottur, hvítt
Innanmál Ø40, H36 cm. **3.890,-**



RÖNNBÄR blómapottur, rauðbrúnt.
Innanmál Ø35, H32 cm. **495,-**
RÖNNBÄR undirskál, rauðbrúnt. Ø37, H6 cm. **395,-**



HUSÖN blómapottur galvaníserað, ryðfrítt stál.
Innanmál Ø52, H60 cm. **4.990,-**



1.690,-
BASTANT karfa m/handföngum, bast. L65xB35, H28 cm.



MYNTA blómapottur, rauðbrúnt.
Innanmál Ø52, H26 cm. **4.690,-**




3.890,-
PROFIL blómapottur, laufamynstur, hvítt.
Innanmál Ø40, H37 cm.

GÓÐAN DAG!
Í dag er laugardagurinn 14. júní, 167. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	2.58	13.28
Akureyri	1.44	13.13

Heimild: Almanak Háskólans



BRANÄS körfur, bast. L23xB25, H15 cm. **695,-**
L32xB35, H16 cm. **895,-**

Morgunmat
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga



195,-
IKEA FOOD

Kryddbakaður lax
með graslaukssósu, kartöflum og grænmeti



540,-
IKEA FOOD

IKEA

Opið virka daga 10.00 - 20.00
Opið laugardaga 10.00 - 18.00
Opið sunnudaga 12.00 - 18.00
Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun

www.IKEA.is

© Inne IKEA Systems B.V. 2008